

GREINARGERÐ

Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020-2040

Sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

28. febrúar 2022



Skipulagsstjórn

Mótt.: 10 mars 2022

Mátnr.

120 20 03 024



FJARÐABYGGÐ

Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020-2040 var samþykkt í bæjarstjórn þann 16.12.2021 skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2020-2040 var staðfest af Skipulagsstofnun þann 28.04.2022 skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

Ráðgjöf við móttöku tillögu: Alta ehf

ALTA

A1400-027-U02

Efnisyfirlit

1 Inngangur					
1.1 Fjarðabyggð	1		4.4 Vitar		17
1.2 Hlutverk aðalskipulags	1		4.5 Flugvellir		18
1.3 Aðdragandi og áherslur	2		4.6 Orkudreifing		18
1.4 Skipulagssvæðið	2		4.7 Fjarskipti		19
1.5 Skipulagsgögn	3		4.8 Vatnsveita		19
1.6 Efnistöð	3		4.9 Hitaveita		20
1.7 Ferli og samráð	3		4.10 Fráveita		20
1.8 Niðurstaða umhverfismats	4		4.11 Úrgangslausun		21
2 Leiðarljós og framtíðarsýn	5		5 Auðlindir og vistkerfi		22
3 Byggð	7		5.1 Vistkerfi sjávar		22
3.1 Íbúar og íbúðarhúsnæði	7		5.2 Gróður og jarðvegur		22
3.2 Byggðarmynstur	8		5.3 Landslag		26
3.3 Samfélagsþjónusta	8		5.4 Vinnanleg orka		29
3.4 Lýðheilsa	9		5.5 Jarðefni		30
4 Innviðir	11		6 Vernd		31
4.1 Vegir og stigar	13		6.1 Náttúruvernd		31
4.2 Almenningsamgöngur	14		6.2 Vatnsvernd		33
4.3 Hafnir	14		6.3 Minjavernd		33
	16		7 Náttúruvá		35
	16		7.1 Ofanflóð		35

7.2 Framhlaup og flóðbylgjur	36	8.1.16 Opín svæði (OP)	64
7.3 Hætta vegna loftslagsbreytinga	36	8.1.17 Óbyggð svæði (ÓB)	68
7.4 Sýkingarhætta	37	8.1.18 Rafveita (VH-R)	69
8 Landnotkun	38	8.1.19 Reiðleiðir (VE-RL)	71
8.1 Stefna um landnotkun	39	8.1.20 Samfélagsþjónusta (S)	71
8.1.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	39	8.1.21 Skógræktar og landgræðslusvæði (SL)	75
8.1.2 Athafnasvæði (AT)	40	8.1.22 Stofnvegir (VE-SV)	76
8.1.3 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	42	8.1.23 Strandsvæði (ST)	77
8.1.4 Flugvellir (FV)	46	8.1.24 Tengivegir (VE-TV)	78
8.1.5 Frístundabyggð (F)	46	8.1.25 Vatnsbóli (VB)	79
8.1.6 Gönguleiðir (VE-GL)	47	8.1.26 Vatnsveita (VH-V)	81
8.1.7 Hafnir (H)	48	8.1.27 Verslun og þjónusta (VP)	82
8.1.8 Hitaveita (VH-H)	50	8.1.28 Vötn, ár og sjór (V)	84
8.1.9 Iðnaðarsvæði (I)	50	8.1.29 Þéttbýlismörk (PM)	84
8.1.10 Íbúðarbyggð (ÍB)	53	8.2 Takmarkanir á landnotkun	85
8.1.11 Íþróttasvæði (ÍP)	58	8.2.1 Friðlýst svæði (FS)	85
8.1.12 Jarðgöng (VE-GO)	60	8.2.2 Hverfisvernd (HV)	86
8.1.13 Kirkjugarðar og grafreitir (K)	61	8.2.3 Hættumatslínur A (HM-A)	86
8.1.14 Landbúnaðarsvæði (L)	62	8.2.4 Hættumatslínur B (HM-B)	87
8.1.15 Miðsvæði (M)	63	8.2.5 Hættumatslínur C (HM-C)	87

8.2.6 Minjavernd (MV)	88
8.2.7 Vatnsvernd, fjarsvæði (VF)	89
8.2.8 Vatnsvernd, grannsvæði (VG)	90
8.2.9 Varúðarsvæði eða aðrar takmarkanir (VA)	92

1 Inngangur


1.1 Fjarðabyggð

Í Fjarðabyggð búa um 5.000 íbúar á um 1.614 km² lands sem einkennist af fjörðum og fjallendi en sveitarfélagið stækkaði árið 2018 með sameiningu við Breiðdalshrepp. Flestir íbúarnir búa í sex þéttbýliskjörnum enda er undirlendi lítið og því fremur fáir búsettir í dreifbýli. Tæp 15% lands í sveitarfélaginu er undirlendi, sjá myndina til hliðar.

Að teknu tilliti til staðarmarka sveitarfélaga til sjávar, sem miðast við 115 metra utan við stórstraumsfjöruborð, er flatarmál sveitarfélagsins um 1.662 km².

Ein meginforsenda búsetu í sveitarfélaginu er sjósókn, fiskiðnaður og önnur hafnsækin starfsemi, en stóriðja hefur bæst við undanfarinn áratug og ferðaþjónusta fer vaxandi. Hafnir tengja iðnað á landi við nálæg fiskimið og alþjóðasiglingar með aðföng og afurðir. Að sama skapi eru góðar tengingar hafnanna við vegakerfið mikilvægar, bæði vegna starfseminnar og samstarfs milli byggðarkjarna.

Eftir sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fjótisdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar er Múlaþing eina aðliggjandi sveitarfélagið.



Undirlendi í Fjarðabyggð m.v. 200 m hæð og 15% halla.

1.2 Hlutverk aðalskipulags

Skipulagsáætlanir hafa þann tilgang að tryggja skynsamlega ráðstöfun lands og þróun byggðar með virkri aðkomu íbúa og annarra sem hagsmuna eiga að gæta. Lög um mannvirkjagerð kveða á um að ekki sé heimilt að veita leyfi fyrir byggingu eða framkvæmd nema hún sé í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Þannig er reynt að tryggja að við framkvæmdir hafi verið gætt að fyrirbyggju, heildarsýn og málamiðlun ólíkra hagsmuna.

Við skipulagsgerð getur sjónarhornið verið mjög ólíkt, allt frá landinu öllu niður í reit fyrir nokkur hús. Þess vegna eru skipulagsáætlanir stígskiptar, þ.e. að umfang hins skipulagða er mismikið. Landsskipulagsstefna er efsta stigið og þar setur ríkisvaldið fram áherslur sínar í nokkrum málaflokkum fyrir landið allt. Aðrar skipulagsáætlanir eru á vegum sveitarfélaganna og geta náð til samliggjandi sveitarfélaga í svæðisskipulagi ef þörf er á. Öll sveitarfélög eiga að hafa aðalskipulag þar sem gefin er heildarmynd af þróun byggðar og landnotkunar í sveitarfélaginu öllu. Fyrir stök uppbyggingsræði þarf síðan að gera deiliskipulag. Stígskiptingin felur í sér að innbyrðis samræmi þarf að vera í skipulagsáætlunum á öllum stigum.

Nánar tiltekið segir svo í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 um markmið aðalskipulags:

- a. að vera vettvangur stefnumótunar sveitarstjórnar í samráði við íbúa um mikilvæg viðfangsefni sem snerta þróun sveitarfélagsins,
- b. að sýna með skýrum hætti hver stefna sveitarfélags er og stuðla þannig að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna,
- c. að miðla málum milli ólíkra hagsmuna þeirra sem búa og munu búa í sveitarfélaginu,

- d. að stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum.

Aðalskipulag er sett fram í greinargerð, þar sem fram kemur stefna og skipulagsákvæði ásamt forsendum og á skipulagsuppdætti þar sem sýnt er hvar hvaða ákvæði gilda. Að auki kunna að vera settir fram þemauppdættir til nánari skýringar um þau efni sem þörf er á.

1.3 Aðdragandi og áherslur

Núgildandi aðalskipulag hefur gildistíma til 2027 en frá árinu 2009, þegar það var staðfest, hefur ýmislegt gerst sem kallar á endurskoðun fyrir lok gildistímans. Einna þyngst vegur sameining Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps en síðarnefnda sveitarfélagið hefur nýlega lokið endurskoðun síns aðalskipulags. Þörf er á að setja fram samræmda aðalskipulagsstefnu fyrir hið sameinaða sveitarfélag. Kynnt hefur verið verkefnis- og matslýsing fyrir endurskoðun aðalskipulagsins og tillaga hefur verið kynnt á vinnslustigi en nú er auglýst fullmótuð tillaga.

Frá því að Aðalskipulag Fjarðabyggðar 2007-2027 var staðfest hafa ný skipulagsiög nr. 123/2010 verið samþykkt og gefin hefur verið út ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013 á grunni nýju laganna þar sem kveðið er á um breytt efnistöð og framsetningu skipulagsáætlana, bæði greinargerðar og uppdráttá. Að auki er nú komin til landsskipulagsstefna og ýmsar nýjar eða endurskoðaðar áætlanir eins og rakið er í kafla 3 hér á eftir. Síðast en ekki síst má nefna aukna áherslu á sameiginlegt áttak jarðarbúa til að bregðast við hnattrænum áskorunum.

Bæjarstjórn samþykkti að endurskoða aðalskipulagið þann 16. maí 2019.

1.4 Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er allt land innan sveitarfélagsins Fjarðabyggðar. Flatarmál sveitarfélagsins, að meðtöldum strandsjó innan netlaga, er 1.663 km².

1.5 Skipulagsgögn

Aðalskipulagstillagan er sett fram í eftirtöldum gögnum:

- A. Greinargerð, sem inniheldur inngang, stefnumótun og landnotkunarákvæði
- B. Umhverfismats- og forsenduskýrsla
- C. Skipulagsuppdrættir:
 - 1: Fjarðabyggð norður, A1, 1:70.000
 - 2: Fjarðabyggð suður, A1, 1:70.000
 - 3: Norðfjörður, A2, 1:10.000
 - 4: Eskifjörður, A2, 1:10.000
 - 5: Reyðarfjörður, A2, 1:10.000
 - 6: Mjójeyrarhöfn, A2, 1:10.000
 - 7: Fáskrúðsfjörður, A2, 1:10.000
 - 8: Stöðvarfjörður, A2, 1:10.000
 - 9: Breiðdalsvík, A2, 1:10.000

D. Þemauppdrættir:

- 1: Náttúruvernd, A2, 1:130.000
- 2: Vegir í náttúru Íslands, A2, 1:130.000
- 3: Lágt liggjandi svæði, A2, 1:30.000
- 4: Flokkun landbúnaðarlands, norður, A1, 1:70.000
- 5: Flokkun landbúnaðarlands, suður, A1, 1:70.000

1.6 Efnistöð

Í framangreindum skipulagsgögnum er leitast við að setja stefnumörkun og skipulagsákvæði fram á skýran og einfaldan hátt. Í hverjum kafla eru fyrst settar fram forsendur, síðan markmið sveitarstjórnar og loks gerð grein fyrir útfærslu markmiðanna í almennum og sértækum skipulagsskilmálum. Markmið í ólíkum málaflokkum geta haft áhrif á skipulagsskilmála sama reits.

Auk kafla um leiðarljós fjalla þrjú efniskaflar um stefnu sveitarstjórnar á meginsviðum landnotkunar sem eru:

- Byggð
- Innviðir
- Auðlindir og vistkerfi

Ekki er sett fram stefna um tilteknar atvinnugreinar heldur dregið fram hvermig veigamiklar atvinnugreinar reiða sig á aðgang að byggð, innviðum, auðlindum og vistkerfum með sjálfbærri nýtingu. Meginjónarmiðið er það að ef sveitarstjórn setur farsæla stefnu um þessa þætti muni hefðbundin og ný atvinnustarfsemi dafna með frumkvæði og atorku íbúanna. Leitast er við að draga fram tækifæri til sjálfbærrar nýtingar þeirra auðlinda sem fjallað er um og setja þær þannig í samhengi við atvinnulíf.

Tveir kaflar fjalla síðan um það hvaða skorður eru settar við landnotkun:

- Vernd
- Náttúruvá

Almennt er sjónarhorn skipulagsins fremur þröngt afmarkað um landnotkun.

Texti greinargerðarinnar lýtur föstum lögmálum um uppbyggingu í þeim tilgangi að gera hann auðveldlega miðlanlegan á fjölbreyttan hátt í

margvíslegum miðlum og tækjum, í gagnvirku samspiji við afmarkanir á uppdrætti með aðstoð vefsjár. Þannig er reynt að færa aðalskipulagið nær notendum og hjálpa þeim að komast að kjamanum án málalenginga.

Leitast er við að hafa texta skrinorðan og oft bent á önnur gögn og ítarefni með virkri vefvísun. Margþætt yfirlit um stöðu og þróun undanfarinna ára er að finna í umhverfismats- og forsenduskýrslu.

Þess er gætt að hver einasta afmörkun á skipulagsuppdráttum sé skýrt auðkennd og finna megi skipulagsskilmála með uppflettingu í kafla um landnotkun. Fyrir alla landnotkunarflokka eru settir fram almennir skilmálar sem gilda um allar afmarkanir í þeim flokki og síðan sértekir skilmálar þegar og ef tilfni er til. Almennir og sértekir skilmálar eru bindandi við útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa. Um atriði sem þeir ná ekki til er áskilið að samræmis sé gætt við markmið sem sett eru fram í greinargerð skipulagsins.

Breytingar frá fyrra skipulagi eru tíundaðar í inngangskafila umhverfismats- og forsenduskýrslu.

Á uppdráttum er fylgt reglu við númeringu reita sem hér segir:

- Tölur hækka frá norðri til suðurs og frá vestri til austurs.
- Tölur undir tug vísa til stórra svæða sem ná til allra hluta sveitarfélagsins og eiga líka við um landnotkun í Mjóafirði.
- Tölur í tugum vísa til fjarða með þéttbýliskjörnum og hefur hver fjórður sinn tug, þ.e. Norðfjórður 10, Eskifjórður 20 og svo framvegis.
- Tölur í hundruðum eiga við þéttbýli og hefur hver þéttbýliskjarni sitt hundrað, þ.e. Norðfjórður 100, Eskifjórður 200 og svo framvegis.

1.7 Ferli og samráð

Skipulagslög og skipulagsreglugerð kveða á um megindrætt í ferli endurskoðunar aðalskipulags. Það hófst með kynningu lýsingar í mars 2020 og bárust þá margvíslegar ábendingar sem hafa verið hafðar til hljóðsónar við endurskoðunina. Tillaga var kynnt á vinnslustigi í mars 2021 og bárust á ýmis viðbrögð sem skoðuð voru við endanlega móttun tillögunnar.

Fullgerð tillaga var samþykkt í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd þann 25. maí 2021 og í bæjarstjórn þann 3. júní. Tillagan var þá send Skipulagsstofnun til athugunar og síðan lagðærð í samræmi við ábendingar stofnunarinnar. Tillagan var síðan auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og gefinn frestur til 8. nóvember til að koma með skriflegar athugasemdir. Athugasemdir bárust frá landeigendum í Fagradal í Breiðdal, HAUST, Landsneti, Minjastofnun, Múlabingji, NAUST, Náttúrufræðistofnun, Skógræktarfélagi Reyðarfjarðar, Stefáni Aspar Stefánssyni, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Farið var yfir allar athugasemdir og breytingar gerðar á tillögunni eftir því sem tilfni var til en breytingarnar fela ekki í sér verulega stefnubreytingu heldur minni háttar leiðréttingar og endurbætur á umfjöllun í tillögunni. Svör við athugasemdum voru tekin fyrir í eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd þann 24. nóvember og samþykkt að vísa skipulaginu til bæjarstjórnar með breytingum í samræmi við svör. Svörin voru tekin fyrir í bæjarstjórn þann 2. desember og tillaga með áorðnum breytingum þann 16. desember 2021 þar sem tillagan var samþykkt í samræmi við 32. gr. skipulagslaga og henni vísað til Skipulagsstofnunar til staðfestingar. Hið endurskoðaða aðalskipulag tekur síðan gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Mikilvægur þáttur í móttun aðalskipulags er samráð við íbúa og hagsmunaaðila. Vegna farsóttar og samkomutakmarkana var farin sú leið að leggja kannanir fyrir íbúa, forsvarsmenn fyrirtækja og landeigendur. Allar kannanir voru lagðar fram á íslensku, ensku og pólsku í nóvember

2020. Spurt var um ýmis atriði sem beint eða óbeint tengjast stefnu um landnotkun auk opinna spurninga sem gáfu færi á að nefna hvaðeina sem hver þátttakandi vildi benda á í tengslum við skipulagsmál sveitarfélagsins. Kannanirnar voru auglýstar í Dagskrá, sem borin er í öll íbúðarhús í sveitarfélaginu og í Austurglugga sem er borin út til áskrifenda. Þær voru einnig kynntar á vef sveitarfélagsins og á Facebook. Auglýsing var send í tölvupósti til allra fyrirtækja sveitarfélagsins.

Upplýsingum um endurskoðun aðalskipulagsins hefur verið miðlað á sérstökum vef ásamt algengum spurningum og svörum, sjá <https://fjarðabyggd.alta.is/>.

Vinnufundir voru haldnir með eigna- skipulags- og umhverfisnefnd og hafnarstjóra.

Samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila felst í kynningu lýsingar, sem fór fram í mars 2020, spurningakönnunum, kynningu aðalskipulagstillögu á vinnslustigi í mars 2021 og loks auglýsingu fullunninnar tillögu.

Ýmsum fagstofnunum hefur verið boðið að veita umsögn um þessa tillögu. Þær eru:

- Skipulagsstofnun
- Vegagerðin
- Veðurstofan
- Minjastofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Landgræðslan
- Skógræktin
- Samgöngustofa
- Landsnet
- Rarik
- Ferðamálastofa

- Almennavarnadeild ríkislögreglustjóra
- Byggðastofnun

Fagaðilar á svæðisvísu eru:

- Náttúrustofa Austurlands
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands (HAUST)

Aðrir aðilar:

- Múlaþing
- Samtök sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)
- Austurbrú
- Svæðisskipulagsnefnd Austurlands
- Búnaðarsamband Austurlands
- Ferðafélag fjarðamanna
- Ferðamálasamtök Austurlands
- Náttúruverndarsamtök Austurlands
- Svæðisráð um skipulag haf- og strandsvæða

Að auki hefur tillagan verið kynnt í nefndum og ráðum bæjarins.

1.8 Niðurstaða umhverfismats

Tilgangur umhverfismats er að sýna á greinargóðan hátt hvernig tekið hefur verið tillit til umhverfisins annars vegar við áætlanagerð og hins vegar við undirbúning meiriháttar framkvæmda. Við umhverfismat áætlana (lög nr. 111/2021) gerir viðkomandi stjórnvald grein fyrir því hvernig tekið er tillit til umhverfisins við áætlanagerðina, t.d. staðarval fyrir framkvæmdasvæði. Við umhverfismat hverrar framkvæmdar (sömu lög) er það hins vegar framkvæmdaraðilinn sem gerir grein fyrir því hvernig hann hefur tekið tillit til umhverfisins við útfærslu framkvæmdarinnar, þá innan

Þess ramma sem skipulagsáætlanir setja. Tilgreint er í lögnum hvaða framkvæmdir eru svo umfangsmiklar að meta þurfi umhverfisáhrif þeirra.

Í aðalskipulagi er gerð grein fyrir umhverfismati áætlunarinnar með áherslu á þá þætti sem lúta að framkvæmdum sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 111/2021. Með þessari tillögu fylgir umhverfismats- og forsenduskýrsla, þar sem lýst er umhverfisþáttum, viðmiðum og líklegum áhrifum þeirra atriða sem líklegust eru til að hafa veruleg áhrif. Það eru eftirtalin atriði:

- Aukin skógrækt
- Breyttar veglínur og göng
- Stækkun Mjóeyrarhafnar
- Efnistaka

Niðurstaða matsins er sem hér segir:

Stefna um skógrækt er verulega jákvæð fyrir loftslag, ljúðheilsu og samfélag. Skógrækt breytir tegundasetningu, tegundafjölbreytni og ásjón en erfitt að fullyrða um það hvort áhrifin eru jákvæð eða neikvæð.

Áhrif ganga og vegabóta eru óveruleg og neikvæð á landslag, loftslag og náttúruminjar en veruleg og jákvæð á samfélag og byggðafestu.

Áhrif af ráðstöfun lands til stækkunar á Mjóeyrarhöfn eru metin óveruleg og neikvæð á landkosti og landslag en veruleg og jákvæð fyrir samfélag og byggðafestu.

Þótt efnistökusvæðin hafi neikvæð áhrif á ásjón meðan á vinnslu stendur eru þau að verulegu leyti afturkræf með vönduðum frágangi. Á móti koma brýnir samfélagshagsmunir af greiðum aðgangi að jarðefnum.

Í 6. kafla umhverfismats- og forsenduskýrslu eru dregin fram þau atriði sem snerta loftslagsáherslur í skipulaginu.

2 Leiðarljós og framtíðarsýn

Í köflunum hér á eftir er sett fram stefna um þá málaflokka sem fjalla ber um í aðalskipulagi, sbr. ákvæði skipulagslaga og skipulagsreglugerðar. Í lok hvers kafla eru sett fram markmið fyrir málaflokkinn og síðan útskýrt hvernig markmiðin eru útfærð í landnotkunarákvæðum.

Aðalskipulagið miðast við að eftirfarandi framtíðarsýn verði að veruleika:

Styrkur Fjarðabyggðar, sem sveitarfélags og samfélags, felst í einstökum búsetugæðum, þar sem íbúum líður vel og þeir hafa ríkuleg tækifæri til að njóta hæfileika sinna í starfi og leik. Gæðin byggjast á vönduðu og örvandi byggðu umhverfi ásamt varðveislu náttúrunnar í sátt við sjálfbæra nýtingu.

Byggðakjarnarnir sjö hafa áhugaverð sérkenni hver um sig og mynda samstæða heild vinnusóknar, þjónustu og afþreyingar, ásamt dreifbýlinu.

Við mótn aðalskipulagsins og við framfylgd þess eru eftirfarandi leiðarljós höfð í heiði:

Byggðarkjarnar Fjarðabyggðar hlúi að blómlegu og sterku samfélagi og byggðamynstri sem styður við heilbrigðan lífsstíl.

Íbúum standi til boða fjölbreytt húsnæði sem mætir þörfum ólíkra samfélagshópa.

Fyrirtæki hafi nægt athafnarmými til að stækka og vaxa á sjálfbæran hátt. Þannig verði til fjölbreytt störf sem m.a. krefjast sérþekkingar.

Náttúruperlur, menningararfur og auðlindir njóti verndar en séu einnig vettvangur sjálfbærrar og afturkræfrar nýtingar.

Fjarðabyggð leggi sitt af mörkum í glímu við loftslagsbreytingar og búi sig undir breytingar af þeirra völdum, sem kunna að vera óhjákvæmilegar.

Fjarðabyggð verði áfram leiðandi bæjarfélag sem leitast við að efla samvinnu bæði innan byggðar og við nágrannabyggðir.


3 Byggð

3.1 Íbúar og íbúðarhúsnæði

3.1.1 Forsendur

Fjallað er ítarlega um þróun íbúafjöldans og íbúðarhúsnæði í umhverfismats- og forsenduskýrslu og er því aðeins birt ágríp hér með helstu niðurstöðum.

Greining á þróun íbúafjöldans, frá því að framkvæmdum vegna álfersins lauk, sýnir að lítilsháttar fjölgun hefur verið á Norðfirði, á Eskifirði og á Fáskrúðsfirði, töluverð fjölgun á Reyðarfirði en nokkur fækkun á Stöðvarfirði, Breiðdalsvík og í dreifbýli. Íbúafjöldi alls sveitarfélagsins hefur vaxið að jafnaði um u.þ.b. 0,7% frá 2011. Aldursdreifing er ekki marktækt frábrugðin landinu í heild yfir sveitarfélagið allt en meðalaldur er talsvert hærrí á Stöðvarfirði og Breiðdalsvík en í öðrum þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins.



Spár Hagstofunnar um þróun íbúafjöldans fyrir allt landið og spá Bygðastofnunar fyrir Fjarðabyggð gefa ekki tilefni til að ætla að mannfjöldun í Fjarðabyggð verði örrari en verið hefur. Á hinn bóginn er eftirtektarvert að þótt nokkur fjölgun hafi verið undanfarin ár hafa aðeins 33 nýjar íbúðir verið byggðar eða eru í byggingu frá 2010. Fjölgurinn hefur væntanlega að hluta farið inn í íbúðir sem byggðar voru í tengslum við álfersframkvæmdir og losnuðu þegar þeim lauk. Ekki eru til gögn um nýtingu núverandi húsnæðis en athugun á þegar deiliskipulögðum svæðum gefur til kynna að auðveldlega sé hægt að mæta töluverðri fjölgun án þess að skilgreina þurfi ný íbúðarsvæði í aðalskipuagi. Þó þarf að huga að því að húsagerðir sem deiliskipulag gerir ráð fyrir sé nægilega fjölbreyttar til að þjóna þörfum íbúanna. Almennt virðist vera meiri eftirspurn eftir smærri íbúðum og samráð við íbúa leiddi það sama í ljós, þ.e. að það vanti litlar íbúðir fyrir ungt fólk og fyrir eldri íbúa sem vilja minnka við sig. Það virðist því vera full þörf á að endurskoða gildandi deiliskipulag íbúðarhverfa með þetta í huga. Að auki eru allmargir möguleikar á þéttingu byggðar með því að nýta óbyggðar lóðir.

3.1.2 Markmið

Nýjar íbúðir verði byggðar á þegar skipulögðum svæðum og deiliskipulag endurskoðað þar sem tilefni er til með það í huga að tryggja framboð ólíkra íbúðagerða, þó einkum smærri íbúða.

- Ekki eru afmörkuð ný svæði fyrir íbúðarbyggð.
- Í almennum skilmálum íbúðarsvæða er kveðið á um endurskoðun deiliskipulags.

3.2 Byggðarmynstur

3.2.1 Forsendur

Hugtakið byggðarmynstur getur þýtt ólíka hluti eftir því hvert sjónarhornið er, allt frá fyrirkomulagi og yfirbragði húsa í götu yfir í samhengi þéttbýliskjarna við samgönguæðar og dreifbýli. Síðarnefnda samhengið hefur breyst töluvert á undanförmum árum með Fáskrúðsfjarðargöngum og nýlega opnuðum Norðfjarðargöngum. Forsendur fyrir því að sækja atvinnu eða þjónustu eða rækta persónuleg tengsl eru gjörbreyttar frá því sem áður var. Engu síður eru fjarlægðir enda á milli töluverðar, sérstaklega fyrir þá sem búa á Stóðvarfirði og Breiðdalsvík og vilja sækja vinnu eða nýta þjónustu í öðrum hlutum sveitarfélagsins.

Skv. skipulagsreglugerð er þéttbýli skilgreint annað hvort út frá reiknireglunni um þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra eða með öðrum hætti eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Byggðin í Mjóafirði telst því ekki vera þéttbýli en er einn af sjö byggðakjörnum sveitarfélagsins.

Það sem einkennir þéttbýlið á Norðfirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði og Stóðvarfirði er það hvernig byggðin teygist eftir ströndinni og stallast upp eftir fjallshlíðum með mjög takmörkuðu undirlendi. Þetta leiðir til þess að

fjarlægðir verða tiltölulega miklar innanbæjar og tengingar þvert á byggðina er fremur erfiðar vegna hæðarmismunar. Við slíkar kringumstæður er freistandi að nota einkabilinn til að reka erindi innanbæjar og að sama skapi þarf einbeittar aðgerðir til að gera vistvænni ferðamáta fýsilega. Samráð við íbúa leiddi í ljós að töluverður áhugi er að að bæta aðstöðu þeirra sem vilja nýta vistvæna ferðamáta og þá um leið hægt að koma til móts við aukna fjölbreytni á því sviði. Sjá nánar í umfjöllun um lýðheilsuáherslur hér á eftir.

Í þéttbýlisstöðum Fjarðabyggðar er yfirleitt ekki að finna vel afmarkaða miðbæi sem mynda hjarta bæjanna og könnun leiddi í ljós að íbúar hafa ólíkar hugmyndir um það hvar hjarta bæjanna er að finna. Á hinn bóginn er gott aðgengi að náttúrusvæðum umhverfis þéttbýlin.


Stefna um byggðarmynstur íbúðarsvæða í þéttbýli er nú þegar föst í sessi á þann hátt að eldri hverfi eru almennt fullbyggð, eða því sem næst, og skipulagsákvæði enduröma stefnu í fyrra skipulagi um að svigrúm sé fyrir breytingar í samræmi við yfirbragð byggðar sem fyrir er. Fyrir nýrri hverfi hefur stefna þegar verið mörkuð í deiliskipulagi en þar er í sumum tilfellum ástæða til að huga að endurskoðun deiliskipulags með það í huga að auka fjölbreytni íbúðargerða án þess að kollvarpa yfirbragði þegar skipulagðrar byggðar. Þessi sjónarmið koma fram í almennum skilmálum íbúðarhverfa en ekki gengið lengra í stýringu byggðarmynsturs á aðalskipulagsstigi, vegna þess að meginstefna er, eins og áður var getið, þegar komin fram og föst í sessi.

Skilgreind eru þéttbýlismörk fyrir þéttbýlisstaðina og eru þau um leið vaxtarmörk, þ.e. ekki er gert ráð fyrir byggðin teygji sig lengra á skipulagstímabiliinu heldur verði þegar afmörkuð svæði fullnýtt.

Búseta í dreifbýli markast nokkuð af því að þar fjölgar möguleikum til þátttöku í öðrum atvinnugreinum en landbúnaði, sbr. störf án staðsetningar og þann sveigjanleika sem heimsfaraldur hefur nýlega fært

sönnur á. Það styrkir afkomu þeirra sem vilja stunda landbúnað en gefur líka færi á búsetu í dreifbýli án tengsla við landbúnað.

Landbúnaður er mikilvæg hagnýting auðlinda fyrir matvælaframleiðslu, sjá nánar umfjöllun um gróður og jarðveg í kafla um auðlindir og vistkerfi hér á eftir. Á hinn bóginn getur dreifð búseta og innviðir sem henni tengjast gengið á landslagsauðlindina, sjá umfjöllun um hana í sama kafla. Það er því mikilvægt að takmarka „fótspor“ þeirrar búsetu í dreifbýli sem ekki tengist landbúnaði. Sama á við um fristundabyggð.



3.2.2 Markmið

Mótaðir verði skýrir og aðlaðandi miðbærir í hverjum byggðarkjarna með því að beina þangað þjónustu, verslun og íbúðum og byggja inn í eyður þar sem hentar. Ásýnd miðbæja verði fegruð með gróðri, vönduðum yfirborðsefnum og áhugaverðri lýsingu. Hugað verði sérstaklega að umhverfi bygginga sem þjóna hlutverki kennileita í byggðinni.

- Afmörkuð eru miðsvæði í þéttbýliskjörnum og settir almennir skilmálar fyrir slík svæði í samræmi við markmiðið.

Leitast skal við að þetta eldri byggð þar sem mögulegt er og taka mið af einkennum þeirrar byggðar sem fyrir er.

- Í almennum skilmálum fyrir íbúðarsvæði og miðsvæði er kveðið á um þéttingu á óbyggðum lóðum. Í almennum skilmálum fyrir þéttbýlismörk er kveðið á um að land sé vel nýtt.

Tryggt verði gott innbyrðis samræmi í yfirbragði byggðarinnar.

- Þar sem ekki eru mörkuð ný svæði fyrir íbúðarbyggð er vísað til yfirbragðs þeirrar byggðar sem fyrir er í almennum skilmálum. Hliðstæð skírskotun er í almennum ákvæðum fyrir miðsvæði.

Byggð í dreifbýli styrkist með þeim breytingum sem eru að verða á atvinnuháttum og fjarskiptum.

- Ákvæði um mannvirkjagerð á landbúnaðarsvæðum miðast við að þar gæti verið búseta á fjölbreyttum forsendum, ekki aðeins í tengslum við búskap.

Ný byggð í dreifbýli sé staðsett þar sem byggð er fyrir, eftir því sem unnt er og hús myndi þyrpingar, hvort sem það er á bújörðum eða í fristundabyggð.

- Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði er kveðið á um að forðast beri að byggja stök hús á víðavangi. Hliðstæð ákvæði eru í almennum skilmálum fyrir fristundabyggð.

3.3 Samfélagsþjónusta

3.3.1 Forsendur

Grunnþjónusta

Grunnskólar, tónlistarskólar, íþróttahús, sundlaugar, bókasöfn og kirkjur eru í öllum 6 þéttbýliskjörnum.

Alls eru sex þjónustustofnanir starfræktar í Fjarðabyggð á vegum Heilbrigðisstofnunar Austurlands - sjúkrahús á Norðfirði og heilsugæslustöðvar á öllum þéttbýlisstöðunum. Í sjúkrahúsinu á Norðfirði eru nokkrar lækningadeildir ásamt ýmsum stoðeildum, rannsóknarstofu og sjúkrapjálfun. Allar heilsugæslustöðvar í Fjarðabyggð eru staðsettar á hentugum stað og aðgengi að þeim er gott.

Hjúkrunarheimili eru á Norðfirði, á Eskfirði, Fáskrúðsfirði og Breiðdalsvík.

Framhaldsskóli, Verkmenntaskóli Austurlands, er á Norðfirði.

Landnými fyrir allar framangreindar stofnanir er talið fullnægjandi að meðhöldum þeim stækkunum sem fyrirsjáanlegar eru.

Stefna hefur verið sett um að háskóli verði í Fjarðabyggð og er gert ráð fyrir starfsemi hans á miðbæjarsvæði Reyðarfjarðar.

Árið 2007 var stofnað atvinnuslökkvilið í Fjarðabyggð sem þjónar sveitarfélaginu öllu. Slökkviliðið hefur aðsetur á iðnaðarsvæðinu við Mjóeyrarhöfn í Reyðarfirði og er þar sólarhringsvakt. Að auki hefur slökkviliðið aðstöðu á Norðfirði, Eskfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði.

Sjúkrabílar eru staðsettir á Norðfirði, Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði. Tvær lögreglustöðvar eru starfræktar í Fjarðabyggð, önnur á Eskfirði og hin í Norðfirði. Að auki er lögregluvarðstofa á Fáskrúðsfirði.

Íþróttaaðstaða

Óþrjótandi tækifæri eru til útivistar í Fjarðabyggð, s.s. styttri og lengri gönguferða, klífurs og sjóferða svo eitthvað sé nefnt. Það gefur bæði kost á ferðum heimamanna og ferðafólks á eigin vegum og skipulögðum ferðum ferðabjónustuaðila og ferðafélaga, s.s. gönguferða, hestaferða eða kajakerða. Styrkja má og bæta aðstæður fyrir slíka almenna útivist, s.s. með merkingum gönguleiða og gerð áningarstaða þar sem það á við, ásamt með kynningu á svæðinu gagnvart ferðafólki.

Íþróttasvæði eru í öllum þéttbýlisstöðum í Fjarðabyggð. Almenn er um hefðbundna grasvelli að ræða sem aðallega þjóna knattspyrnu. Aðalleikvangur Fjarðabyggðar er á Eskfirði og keppnisvöllur ásamt fjálsíþróttaaðstöðu er í Fjarðabyggðarhöllinni á Reyðarfirði. Á Norðfirði hefur nýlega verið tekinn í notkun gervigrasvöllur. Að auki eru sparkvöllir KSI á öllum þéttbýlisstöðunum.

Íþróttahús eru einnig í öllum þéttbýlisstöðum Fjarðabyggðar og þjóna þau eftirspurn ágætlega. Sundlaugar eru í öllum þéttbýlisstöðum í Fjarðabyggð.

Skíðamiðstöðin í Oddsskarði er eina skíðasvæðið í Fjarðabyggð. Svæðið er viðurkennt keppnissvæði og þar er hægt að halda alþjóðleg skíðamót.

Hesthús eru í flestum byggðum fjórðum í Fjarðabyggð, en eiginleg hestaíþróttaaðstaða er einungis á Norðfirði, þar sem skeiðvöllur og reiðskemma hafa verið byggð upp á Kirkjubólseyrum.

Golfvöllir (9 holur) eru á Norðfirði, Eskfirði og Reyðarfirði auk lítils æfingavallar á Stöðvarfirði.

Akstursíþróttasvæði og skotiþróttasvæði er í Reyðarfirði.

Bættar samgöngur innan Fjarðabyggðar hafa aukið möguleika á bættari nýtingu íþróttamannvirkja og góðri aðstöðu fyrir einstakar íþróttagreinar.

3.3.2 Markmið

Íbúar njóti góðrar nærþjónustu í öllum byggðarkjörnum, en sérhæfari þjónusta byggist upp þar sem aðstæður er hagstæðar og aðgengji gott. Öryggi og heilbrigði íbúa og gesta í Fjarðabyggð verði tryggt eins og best er kostur með vandaðri heilbrigðisþjónustu, þjónustu við aldraða, löggæslu, sjúkraflutningum og brunavörnum. Góðar samgöngur nnan Fjarðabyggðar og til annarra byggðarlaga tryggi aðgengi að heilbrigðisþjónustu innan sveitarfélagsins og sérfræðiþjónustu sem sækja þarf út fyrir Fjarðabyggð.

- Afmarkaðir eru reitir fyrir samfélagsþjónustu og íþróttasvæði í öllum þéttbýlisstöðum. Landfrækari íþróttaaðstaða er yfirleitt í góðum tengslum við þéttbýli.

Aðstaða til starfsmenntunar og simenntunar á framhalds- og háskólastigi verði eflid og skoðaðir möguleikar á stofnun simenntunarmiðstöðvar í verk- og tæknigreinum.

- Verkmenntaskóli Austurlands er á Norðfirði og gert er ráð fyrir háskólaútibúi í miðbæ Reyðarfjarðar. Háskólasetur er í Breiðdalsvík.

Íbúar hafi aðgang að opnum svæðum til útivistar og góðri aðstöðu fyrir íþróttaiðkun, bæði íþróttahúsum og völlum innan þéttbýlis og plássfrækari aðstöðu utan þéttbýlis, t.d. fyrir golf, skíði, skot- og akstursíþróttir.

- Allmörg opin svæði og íþróttasvæði eru afmörkuð á skipulagsuppdreætti.

3.4 Lýðheilsa

3.4.1 Forsendur

Í skipulagi þéttbýlis er oft talað um 20-mínútna hverfi en þar er átt við hverfi þar sem íbúar geta sótt sér allt það sem þörf er fyrir dagsdaglega, þ.e. verslanir, skóla, heilsugæslu, félagsþjónustu, leik-, íþrótt- og útivistarsvæði. Jafnframt er lögð áhersla á góðar tengingar með örugnum götum og hjóla- og göngustígum.

Til þess að geta rekið erindi á 20 mínútum, þ.e. með því að ganga 10 mínútur hvora leið, má vegalengd frá heimili að áfangastaðnum ekki vera meiri en um 800 metrar.

Í þessu sambandi eru kringumstæður í Fjarðabyggð að ýmsu leyti óhagstæðar. Þar sem sem landrými er lítið milli fjalls og fjöru eru bæirnir ílangir og þeir stærri um 3 km langir. Í öllum bæjunum er þéttleiki byggðarinnar lítill og íbúafjöldinn ekki nægur til að hafa fleiri en eina starfsstöð fyrir hverja tegund þjónustu. Við þessar kringumstæður er því hugmyndin um 20 mínútna hverfið ekki raunhæf. En það má gera ýmislegt til að þróa byggðina þannig að hún styðji við virka ferðamáta innan þéttbýlis, hvort sem leiðin er styttri eða lengri en 10 mínútur. Það má t.d. gera með því að:

- Gera göngu- og hjólaleiðir hindranalausar og aðlaðandi, t.d. með því að hafa gangstéttar hæfilega breiðar og með yfirborð sem hentar farartækjum með lítil hjól.
- Skilgreina heilstætt stígakerfi í þéttbýli með meginleiðum fyrir gangandi og hjólandi að helstu þjónustustöðum. Tryggja þarf góðar tengingar við aðliggjandi útivistarsvæði og fjöru, eftir því sem því verður við komið.
- Gæta að aðgengi fyrir alla og koma fyrir bekkjum fyrir þá sem þurfa hvíld á leiðinni.

- Gera umhverfi göngu- og hjólaleiða aðlaðandi, t.d. með gróðri og list.
- Tryggja öryggi þeirra sem nota göngu- og hjólastíga með hæfilegum aðskilnaði frá akandi umferð.
- Hafa hjólastæði við helstu áfangastaði.
- Þétta byggð með því að nýta lausar lóðir, sérstaklega í eldri bæjarhlutum þar sem stutt er til áfangastaða.

Áherslur af þessu tagi eru í góðu samræmi við markmið um vistvæna ferðamáta og minnkaða losun gróðurhúsalofttegunda.

Annar mikilvægur þáttur í lýðheilsu er að umhverfið sé heilnæmt og ómengað. Fyrir því er að mestu séð með reglugerðum, t.d. um drykkjarvatn, fráveitu, losun frá iðnaði og mengunarvarnaefirlit. Í skipulagi er leitast við að aðskilja atvinnustarfsemi og íbúðarbyggð, þ.e. þá atvinnustarfsemi sem á illa heima innan um íbúðir. Engu síður getur nálægðin verið mikil og þá mikilvægt að á atvinnusvæðum sé tekið tillit til nálægra íbúða. Þó er útlíkað að koma alveg í veg fyrir einhver óþægindi sem fylgja atvinnustarfsemi í blandaðri byggð.

Fjarðabyggð er þátttakandi í verkefni heilsueflandi samfélag sem landlæknisembættið stýrir.

3.4.2 Markmið

Skilgreint verði heilstætt stígakerfi fyrir hvern þéttbýlisstað í samræmi við lýðheilsuáherslur og virka og vistvæna ferðamáta.

- Stígakerfið verður mótað og birt á öðrum vettvangi, þ.e. ekki í aðalskipulaginu.

Í Fjarðabyggð sé heilnæmt og ómengað búsetuumhverfi, þar sem atvinnustarfsemi er hluti af blandaðri byggð í góðri sátt við íbúa.

- Í almennum skilmálum fyrir lónaðarsvæði og athafnasvæði er lögð áhersla á góða ásýnd og vandaðan frágang, sérstaklega þar sem önnur nálæg landnotkun gefur tilfni til, s.s. íbúðarbyggð, miðsvæði, þjónusta og opin svæði.

Í öllum þéttbýliskjörnum verði auðvelt að komast í snertingu við náttúru jafnt innan þéttbýlis sem í grennd þess, með fjölbreyttum útivistarsvæðum, gönguleiðum, áningarstöðum og útsýnisstöðum.

- Afmarkaðir eru “grænir treflar”, þ.e. opin svæði á jaðri þéttbýlisstaðanna auk opinna svæða innanbæjar. Almennir skilmálar fyrir opin svæði kveða á um að þar sé heimilt að hafa margvíslega aðstöðu í samræmi við hlutverk þeirra fyrir útivist og náttúruskoðun.

4 Innviðir

4.1 Vegir og stígar

4.1.1 Forsendur

Jarðgöng hafa á undanförmum árum gerbreytt samgöngum í Fjarðabyggð og frekari gangagerð er í sjónmáli, þ.m.t. göng milli Norðfjarðar og Seyðisfjarðar með viðkomu í Mjóafirði og eru þau færð inn á skipulagsuppdrætti. Með þessum tengingum myndi gerbreytast einangrun Mjóafjarðar, umferðarönggi aukast og atvinnu- og þjónustusvæði á Austurlandi stækka. Einnig hafa verið uppi hugmyndir um göng undir Breiðdalsheiði og Berufjarðarskarð en þær eru skemmda á veg komnar og því er þeirra aðeins getið í markmiðum en engar línur sýndar á uppdrætti.

Fyrirhuguð er endur- og nýbygging Hringvegur í Reyðarfjarðarbotni, Fáskrúðsfjarðarbotni og á Suðurfjarðavegi milli Fáskrúðsfjarðar og Breiðdalsvíkur, ásamt byggingu fjögurra nýrra brúa og nýjar veglínur sýndar á uppdráttum.

Gerðar hafa verið áætlanir um rúmlega 12 km langan stofnsög fyrir gangandi og hjólandi milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar sem sýndur er á skipulagsuppdráttum.

Göngu-, hjóla- og reiðleiðir

Göngustígar í þéttbýli liggja aðallega meðfram götum í byggðarkjörnum og í gegnum græn svæði inni í byggðarkjörnum og á jöðrum þeirra. Þessir göngustígar nýtast sem samgöngueðar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og til útivistar, s.s. í tengslum við skógræktarsvæði í jaðri byggðarkjarna.

Nokkuð er um að göngustígar í þéttbýli séu ómerktir eða ófrágengnir, til að mynda vantar gangstéttir á nokkrum stöðum við aðalgötur þéttbýlisstaðanna.

Á skipulagsuppdráttum fyrir dreifbýli er gerður greinarmunur göngu- og reiðleiðum en það þýðir ekki að þessar leiðir séu ætlaðar þessur: fararmátum eingöngu; um það gilda merkingar á vettvangi og í öðrum gögnum. Í mörgum tilfellum liggja þessar leiðir um fjallvegi og/eða gamlar þjóðleiðir. Ferðafélag Fjarðamanna og Göngufélag Suðurfjarða séð um merkingu og uppbyggingu sumra gönguleiðanna og gefið út gönguleiðakort.

Venjulegar leiðir sem kalla ekki á neinn sérstakan umbúnað eru ekki færðar inn í gögn aðalskipulagsins. Hins vegar eru færðar inn og sýndar á skipulagsuppdrætti þær leiðir í dreifbýli sem ástæða þykir til að festa í sessi, t.d. af eftirfarandi ástæðum:

- Þær sem eru áberandi í markaðssetningu og kynningarefni og því töluverðrar umferðar að vænta.
- Þar sem ástæða er talin til að kalla fram sjónarmið hagsmunaaðila og ná sátt.
- Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar og gefa þarf skýran grunn fyrir leyfisveitingar.

Engar gönguleiðir eru tilgreindar innan opinna svæða því lítið er svo á að margvíslegar gönguleiðir eigi þar heima og þær komi fram á gönguleiðakortum eða í deiliskipulagi.

Vegir í náttúru Íslands

Við gerð aðalskipulags ber sveitarfélögum að skila tillögu að skrá um vegi, aðra en þjóðvegi, í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, sbr. 2. mgr. 7. gr. vegalaga, nr. 80/2007. Kveðið er á um skrána í 32. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og í reglugerð nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands.

Tillaga Fjarðabyggðar er sýnd á bernauppdrátt 2. Við móttun tillögunnar var stuðst við vegagögn Landmælinga Íslands en til viðbótar voru færðar inn leiðir sem oft eru farnar og gætu gegnt mikilvægu hlutverki við að gefa aðgang að landinu og upplifunum af því.

Samráð var haft við Umhverfisstofnun, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarféлага, Landvernd, Náttúruverndarsamtök Austurlands, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðapjónustunnar. Engar athugasemdir voru gerðar við tillögu Fjarðabyggðar.

4.1.2 Markmið

Vegasamgöngur á milli byggðarkjarna í Fjarðabyggð og til nágrannabyggða verði greiðar og öruggar, þannig að stuðlað verði að

jafnrétti til leiks, starfs, náms og aðgengi að þjónustu. Stefnt er að móttun umferðaröryggisáætlunar.

- Lega Mjóafjarðarganga og Seyðisfjarðarganga er sýnd á skipulagsuppdrátt 1 ásamt veglinu endurbættis Hringveggar milli Reyðarfjarðar og Breiðdalsvíkur.

Horft verði til áframhaldandi jarðgangagerðar, frá Fannardal til Mjóafjarðar og til Seyðisfjarðar og undir Breiðdalsheiði og Berufjarðarskaró.

- Veglinur liggja ekki fyrir og þær því ekki sýndar á uppdrátt 1. Gerð verður breyting á aðalskipulagi þegar línur skýrast.

Horft verði til uppbyggingar vegar um Þórdalsheiði til að stytta leiðir fyrir íbúa og gesti Fjarðabyggðar.

- Veglinur liggja ekki fyrir og þær því ekki sýndar á uppdrátt 1. Gerð verður breyting á aðalskipulagi þegar línur skýrast.

Gatnakerfi innan þéttbýlisstaða þjóni öllum samgöngumátum og tryggi öryggi allra vegfarenda. Í þéttbýli verði lögð áhersla á uppbyggingu og frágang á aðalgönguleiðum sem tengja íbúðarsvæði við önnur svæði í byggðakjörnum, svo sem atvinnusvæði, skóla- og þjónustustofnanir og útivistarsvæði. Aðalgönguleiðir verði hannaðar þannig að þær nýtist jafnt gangandi og hjólandi vegfarendum.

- Í almennum skilmálum fyrir íbúðarsvæði er mælt fyrir um að við endurskoðun deiliskipulags verði lögð áhersla á fjölbreytta ferðamáta. Sams konar áhersla kemur fram í almennum skilmálum miðsvæða.

Utan þéttbýlis verði úrval fjölbreyttra göngu-, hjóla- og reiðleiða með tengingu við sögu, menningu og náttúru svæðisins. Sett verði upp upplýsingaskilti við helstu minjastaði.

- Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði og opin svæði er gert ráð fyrir göngu-, hjóla- og reiðleiðum með áningarstöðum, skiltum og minni háttar mannvirkjum til að auðvelda för um leiðirnar.

4.2 Almenningsamgöngur

4.2.1 Forsendur

Í Fjarðabyggð hefur verið óformlegur vísir að almenningsamgöngum með frístundaakstri í tengslum við samæfingar í knattspyrnu í Fjarðabyggðarhölinni sem og á skíða- og brettaæfingar í Oddsskarði. ALCOA hefur einnig veitt aðgang að starfsmannarútum en leiðir og tímasetningar eru eðlilega á forsendum fyrirtækisins.

Strætisvagnar Austurlands (SVAust) halda úti ferðum milli byggðakjama á Austurlandi.

Mótaðar hafa verið hugmyndir um leiðanet almenningsamgangna innan Fjarðabyggðar milli Norðfjarðar og Fáskrúðsfjarðar, til viðbótar við ferðir SVAust. Tilraunaakstur skv. nýju leiðakerfi hófst 1. september 2021.

4.2.2 Markmið

Stefnt er að því að almenningsamgöngur geti verið raunhæfur valkostur þegar ferðast er á milli byggðarkjama og til nágrennabyggða. Þannig verði stuðlað að auknu jafnrétti til náms, starfa og þjónustu innan sveitarfélagsins, auk þess sem stuðlað er að umhverfisvænni samgöngum. Í skipulagi byggðar, gatnakerfis og stíga verði tekið tillit til almenningsamgangna.

- Í almennum skilmálum fyrir miðsvæði er gert ráð fyrir aðalviðkomustað almenningsamgangna í hverjum þéttbýliskjarna.

4.3 Hafnir

4.3.1 Forsendur

Hafnir gegna lykilhlutverki í atvinnulífi Fjarðabyggðar.

Umfangsmiklar fiskihafnir eru á Norðfirði, á Eskifirði og Fáskrúðsfirði. Uppsjávaraflla er aðallega landað á Norðfirði, Fáskrúðsfirði og Eskifirði og bolfiskvinnsla er aðallega á Fáskrúðsfirði. Í öllum þéttbýliskjörnum eru smábátahafnir. Allar þessar hafnir nýtast einnig að nokkru leyti fyrir vöruflutninga.

Mjöeyrarhöfn er með stærri vöruflutningahöfnunum landsins. Hún er staðsett skammt frá álveri Alcoa Fjarðaáls og þjónar fyrirtækinu varðandi aðdrætti og útflutning á álafurðum. Stefnt er að stækkun hafnarinnar, bæði á núverandi hafnarsvæði og með nýju hafnarsvæði austan álversins.

Fjarðabyggð hefur tekið við vaxandi fjölda farþegaskýpa en þau hafa lagst að bryggju í Eskifirði. Móttökusvæði er girt af með hafnarvermdargirðingu.

Í þéttbýliskjörnum eru hafnarkantar yfirleitt á nokkrum stöðum meðfram ströndinni og því mikil nánd milli hafnar og byggðar. Þetta setur mikinn svip á bæina. Að auki er víða að finna smærri bryggjur og gömul sjóhús sem nýtast fyrir dorgveiði og skemmtisiglingar en eru jafnframt hluti af byggingatarfi og sögu. Mikilvægt er að vernda þessi mannvirki, sjá einnig kafla um minjavernd.

Sjávarútvegur, flutningastarfsemi, iðnaður og ferðabjónusta eru veigamiklir notendur hafnanna. Innan tilgreindra hafnarsvæða og á aðlægum svæðum

þarf að vera aðgangur og aðstaða fyrir þær atvinnugreinar sem reiða sig mest á hafnirnar.

Reyðarfjarðarhöfn er skipaafdrepp (neyðarhöfn), sbr. hafnalög nr. 61/2003.

Til lengri tíma litið má búast við að orkuskipti skipaflotans kalli á breytta aðstöðu og innviði í höfnunum. Enn er óljóst hverjar þarfirnar verða og því ekki brugðist við þessari framtíðarsýn sérstaklega í afmörkun svæða eða skipulagsákvæðum.

Núverandi svæði fyrir Mjóeyrarhöfn vestan álversins (H-301) er ekki fullnýtt en þar er einkum gert ráð fyrir flutningastarfsemi og iðnaði tengdum álverinu. Á hinn bóginn hafa á undanförmum árum komið fram margvíslegar hugmyndir um plássfreka iðnaðar- og hafnarstarfsemi sem gæti notið góðs af sterkum orku- og samgönguinnviðum á Mjóeyri. Til dæmis var undirrituð viljayfirsing Fjarðabyggðar, Landsvirkjunar og CIP sem varðar grænan orkugarð á Reyðarfirði. Í fyrstu verða kannaðir kostir þess að framleiða rafeldsneyti með vetni á Reyðarfirði en einnig verður farið í að skoða og greina möguleg samlegðaráhrif við aðra starfsemi á svæðinu. Þar verður meðal annars horft til möguleika á orkuskiptum í sjávarútvegi og landflutningum, endurnýtingu varma til húshitunar á Reyðarfirði og notkun súrefnis við landeidi á fiski. Áður hafa verið skoðaðar hugmyndir um nýtingu glatvarma frá álverinu fyrir seyðældi, umskipunarmiðstöð fyrir gáma, aðstöðu fyrir olíuleit og birgðahald, svo eitthvað sé nefnt. Það er sveitarfélaginu mjög mikilvægt að geta sýnt fram á að rúmlegt svæði til þessara þarfa sé þegar staðfest í skipulagi.

4.3.2 Markmið

Hafnir og aðlæg atvinnusvæði þjóði hentuga og aðgengilega aðstöðu fyrir allar atvinnugreinar sem þurfa á hafnaraðstöðu að halda.

- Á öllum þéttbýlisstöðum eru skilgreind hafnarsvæði með aðlægum eða nálægum iðnaðar- og athafnasvæðum, í samræmi við umsvif og atvinnulíf á hverjum stað.

Mjóeyrarhöfn gegni því hlutverki að vera aðal flutningahöfn á Austurlandi og miðstöð þjónustu tengdri flutningum á sjó og landi. Þar sé einnig rými fyrir iðnað sem tengist nálægum innviðum og starfsemi.

- Rúmlegt hafnarsvæði (H-301) er afmarkað vestan álversins og til viðbótar er gert ráð fyrir stækkun austan við álverið, á reit H-302.

4.4 Vitar

4.4.1 Forsendur

Vitar gegna mikilvægu hlutverki fyrir sjófarendur. Þeir eru almennt staðsettir á annesjum, þar sem víðsýnt er yfir hafflötinn og þá um leið fjallahring fjarðanna. Þeir eru flestir vel aðgengilegir.

Auk mikilvægis fyrir sjófarendur setja vitar svip á landslagið og minna á táknrænan hátt á tengsl lands og sjávar og lífsbaráttu íbúa. Þeir nýtast því einnig fyrir ferðaþjónustu, bæði sem áhugaverðir viðkomustaðir og kennileiti með frásagnargildi.

4.4.2 Markmið

Staðsetning vita ráðlist af öryggishlutverki þeirra en þar sé einnig aðstaða til áningar og til að njóta útsýnis eftir því sem staðhættir leyfa.

- Vitar falla í aðalskipulaginu undir samfélagsþjónustu. Sett eru ákvæði um aðgengi og áningarstöðu þar sem það á við.

4.5 Flugvellir

4.5.1 Forsendur

Flugvöllur er á Norðfirði. Flugbraut hans er 900 metra löng með bundnu slitlagi og heildarlengd 1200 metrar með öryggissvæðum. Brautin er lendarstaður fyrir neyðar- og sjúkraflug en hentar einnig fyrir æfinga- og útsýnisflug. Stefnt er að áframhaldandi uppbyggingu flugvallarins.

Egilsstaðaflugvöllur, sem er flokkaður sem alþjóðaflugvöllur í samgönguáætlun, er í 35 kílómetra fjarlægð frá Reyðarfirði og í rúmlega 70 kílómetra fjarlægð frá Norðfirði og Stöðvarfirði. Frá Egilsstaðaflugvelli er áætlunarflug til Reykjavíkur og stöku sinnum til meginlands Evrópu.

Þegar færð er góð tekur innan við hálfa klukkustund að aka að Egilsstaðaflugvelli frá Reyðarfirði. Flugvöllurinn þjónar hagsmunum íbúa og fyrirtækja í Fjarðabyggð vel.

Flugvöllur er á Breiðdalsvík en hann hefur verið tekinn af skrá um flugvelli með starfsleyfi í flokki skráðra lendarstaða skv. rg. 464/2007 og upplýsingar um hann í kjölfarið teknar úr Flugmálahandbók.

4.5.2 Markmið

Innanlandsflugvöllur verði áfram í Norðfirði og nothæf flugbraut í Breiðdalsvík.

- Afmörkuð eru tvö svæði fyrir flugbrautir, annað í Norðfirði (FV-10) og hitt í Breiðdalsvík (FV-60).

4.6 Orkudreifing

4.6.1 Forsendur

Aðalskipulagið nær til þess hluta flutningskerfisins sem er á veglum Landsnets en ekki er mörkuð stefna í aðalskipulaginu um dreifingu á lægri spennustigum.

Svæðisbundna flutningskerfið á Austurlandi samanstendur af hringtengingu á milli Hryggstekks, Eyvindarár, Eskifjarðar, Stuðla og aftur til Hryggstekks. Hluti af þessum hring, þ.e. línur á milli Hryggstekks og Eyvindarár annars vegar og Hryggstekks og Stuðla hins vegar, er rekinn á 132 kV en aðrar línur á 66 kV. Frá afhendingarstöðum í hringnum eru svo aðrir afhendingarstaðir á Austurlandi geislatengdir með 66 kV við svæðisflutningskerfið.

Fjótisdalslínur 3 og 4 flytja raforku frá Fjótisdalsstöð að álveri ALCOA. Spennustig línanna er 220 kV.

Með aukinni rafvæðingu fiskimjölsverksmiðja hefur álag á kerfinu aukist en jafnframt reynt að nýta kerfið betur með snjallsýringu á álagi. Ekki er talið mögulegt að auka verulega afhendingu raforku á neinum afhendingarstað á Austurlandi. Gert er ráð fyrir jafnri aukningu á öllum afhendingarstöðum í samræmi við raforkuspá.

Marka þarf legu nýrra loftlína í flutningskerfi á uppdrættinum en gert er ráð fyrir að nýir jarðstrengir fylgi að mestu þjóðvegum og að lagning háspennustrengja meðfram vegum sé eðlileg notkun á vegstæði sem ekki kallar á skipulagsbreytingu ef vegstæðið er þegar afmarkað í skipulaginu.

Áformuð er styrking Fáskrúðsfjarðarlínu frá tengivirki að Stuðlum um Fáskrúðsfjarðargöng að tengivirki við Fáskrúðsfjörð. Um er að ræða

jarðstreng, sem er sýndur á uppdrætti á þeim hluta leiðarinnar sem vikur frá legu Hringvegjar.

RARIK starfrækir varaafisstöðvar í Mjóafirði, Norðfirði og Fáskrúðsfirði. Unnið er að því að bæta öryggi í fæðingu raforku til Norðfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Í framhaldi af því verða varaafisstöðvar RARIK á Norðfirði og Fáskrúðsfirði lagðar niður. Ekki er ljóst hvenær það verður gert.

4.6.2 Markmið

Íbúar og fyrirtæki hafi aðgang að nægri raforku en flutningsmannvirki skerði landslagsauðlindina sem minnst.

- Núverandi flutningskerfi er sýnt á skipulagsuppdráttum en sett almenn heimild í skilmálum fyrir stofn- og tengivegi um að meðfram þeim megi leggja háspennustrengi.

4.7 Fjarskipti

4.7.1 Forsendur

Hróð og örugg fjarskipti eru lykilatriði, bæði fyrir lífsgæði íbúa og öryggi. Ljósleiðari hefur verið lagður um dreifbýli og gert er ráð fyrir ljósleiðaravæðingu þéttbýlis á næstu misserum.

Víðast hvar í dreifbýli er aðgangur að 4G farneti, þ.m.t. á þjóðvegum.

Mannvirki fyrir fjarskipti eru almennt fyrirferðarlítill og því ekki tilefni til að fjalla um þau sérstaklega í aðalskipulagi nema að því marki að taka af tvímæli um að mannvirkjagerð af því tagi sé heimil á svæðum í tilteknum landnotkunarflokkum, enda mikilvægt að aðgangur að fjarskiptakerfum sé sem víðast.

Legu ljósleiðarastrengja er af öryggisástæðum almennt ekki höfð opinber og er lega slíkra strengja því ekki sýnd á aðalskipulagsuppdrætti. Um ljósleiðara gildir einnig að erfiðara er að greina milli stofn- og dreifikerfis. Lagning strengjanna veldur almennt ekki verulegri röskun á yfirborði. Ekki er gert ráð fyrir að nýlagning ljósleiðara kalli á breytingar á aðalskipulagi en leitast verði við að samnýta legu annarra innviða, svo sem vega og veitna.

Um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara gildir það sama og þegar lagðar eru lagningar annarra dreifikerfa sem ekki teljast til stofnlagna.

4.7.2 Markmið

Hvarvetna í Fjarðabyggð sé öruggur aðgangur að hraðvirkum fjarskiptakerfum.

- í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði, opin svæði og skógræktar- og landgræðslusvæði kemur fram að gert sé ráð fyrir minniháttar mannvirkjum fyrir fjarskiptakerfi enda falli mannvirki af þessu tagi vel að landi og séu lítt áberandi.
- í almennum skilmálum fyrir stofn- og tengivegi segir að gert sé ráð fyrir öðrum innviðum meðfram vegum, t.d. ljósleiðara.

4.8 Vatnsveita

4.8.1 Forsendur

Tilgreind eru vatnstökusvæði (vatnsból) fyrir hvern þéttbýliskjama. Að þessum vatnstökusvæðum liggja síðan vatnsverndarsvæði, þ.e. fjarsvæði og grannsvæði, sjá kafla um vatnsvernd. Í Norðfirði, Fáskrúðsfirði og í Breiðdal eru vatnsmiðlunartankar. Sýndar eru stofnlagnir frá vatnsbólum

að þéttbýlum en að öðru leyti er dreifikerfi vatnsveitu ekki tilgreint í aðalskipulaginu.

Vatnstökusvæðum (Vatnsbólum, flokkur VB) fylgja vatnsverndarsvæði, þ.e. grannsvæði (VG) og fjarsvæði (VF), sem fjallað er um í kafla 6 um vernd.

4.8.2 Markmið

Mannvirki vatnsveitu skulu vönduð að allri gerð, þannig að þau þjóni sem best hlutverki sínu um leið og þess skal gætt að gerð þeirra og rekstur valdi sem minnstu raski á náttúru og umhverfi.

- Á skipulagsuppráttum koma fram stofnæðar frá vatnstökusvæðum að þéttbýlunum. Í skilmálum er tilgreint að lega stofnæða á skipulagsuppráttum sé ekki bindandi.
- Vatnsmiðlunartankar eru sýndir á Eskifirði, Fáskrúðsfirði og í Breiðdal.

4.9 Hitaveita

4.9.1 Forsendur

Hitaveita er á Eskifirði en þar hafa verið virkjaðar tvær borholur sem sjá þéttbýli á Eskifirði fyrir rúmlega 80°C heitu vatni. Veitusvæði, til dreifingar á varmaorku með heitu vatni, markast af Mjóeyri að utan og býlinu Eskifirði að innan. Þá hefur fjarvarmaveita lengi verið rekin á Norðfirði og Reyðarfirði. Vatn er í báðum tilvikum hitað í rafskautakati og er því eingöngu veitt til stórnotta (stofnana á Norðfirði) um lokað kerfi.

4.9.2 Markmið

Íbúum og fyrirtækjum verði tryggður aðgangur að jarðvarma með stofn- og dreifilögnum, eftir því sem hann kann að finnast.

- Í almennum ákvæðum fyrir landbúnaðarsvæði, opin svæði og skógræktar- og landgræðslusvæði er gert ráð fyrir vatnsöflun (borholum) og veitukerfum. Í almennum ákvæðum fyrir stofnkerfi hitaveitu er tilgreint að sýnd lega á skipulagsuppráttum fyrir stofnkerfi bindandi og eru nýlagnir og breytingar heimilær ef umhverfisáhrif eru óveruleg.

4.10 Fráveita

4.10.1 Forsendur

Fyrirkomulag og ástand fráveitu, bæði í þéttbýli og dreifbýli, er með ýmsu móti og kallar við á endurbætur, sem áætlanir liggja ekki fyrir um. Í dreifbýlinu er fráveita almennt útfærð með hreinsivirki fyrir hvern sveitabæ eða frístundahúsasvæði en þar er krafist tveggja þrepa hreinsunar. Heilbrigðisefirlit Austurlands hefur eftirlit með hreinsivirkjum.

Þéttbýliskjarnar Fjarðabyggðar eru flestir ílangir meðfram ströndinni og útrásir því fremur margar og smáar. Meðal úrbóta sem ráðast þarf í er gerð nýrra safnrása meðfram ströndinni og bygging dælu- og hreinsistöðva ásamt nýjum og lengri útrásum. Viðtaki er almennt góður vegna straums í fjörðunum.

Í gildi er samþykkt um fráveitur í Fjarðabyggð, staðfest af umhverfis- og auðindaráðuneytinu 9. apríl 2019 í samræmi við 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarnámin, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um

meðhöndlun úrgangs og 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Í aðalskipulaginu er ekki sett fram stefna um ný mannvirki vegna fráveitu en greining á stöðu mála og þörf fyrir breytingar á tæknilegum innviðum fráveitu fer fram á öðrum vettvangi. Hugsanlegt er að breyta þurfi aðalskipulagi þegar niðurstaða liggur fyrir. Hér eru því aðeins sett fram markmið um gott ástand.

4.10.1 Markmið

Meðhöndlun skólps verði með þeim hætti að heilsa fólks og lífríki beri ekki skaða af og í samræmi við kröfur laga og reglugerða sem um mátaflokkinn gilda þ.a.m. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

- Í sértækum skilmálum fyrir strandsjó (V-1) kemur fram að stefnt sé að hreinleika strandsjávar í samræmi við 10. gr. reglugerðar nr. 798/1999.

Leitast verði við að nýta blágrænar ofanvatnslausnir þar sem því verður við komið til að minnka álag á fráveitu og bæta umhverfið.

- Ekki eru sett bindandi ákvæði um þetta þar sem óljóst er hvar og hvernig blágrænum ofanvatnslausnum verður við komið.

4.11 Úrgangslausn

4.11.1 Forsendur

Í 6.gr. laga um meðhöndlun úrgangs er sett fram skylda sveitarstjórna um að semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Áætlunin skal gilda til tólf ára í senn og er sveitarstjórnunum frjálst að vinna slíka áætlun einungis fyrir sveitarfélagið eða í samstarfi við fleiri sveitarfélög.

Siðast var gerð svæðisáætlun fyrir Austurland með gildistíma 2005-2020 en ný áætlun liggur ekki fyrir. Umhverfis- og auðindaráðuneytið vinnur nú að gerð stefnu um meðhöndlun úrgangs sem stefnt er að að klára árið 2021. Í aðgerðaaáætlun í loftslagsmálum eru sett fram markmið um að draga úr úrðun lífræns úrgangs og aðgerðir um bann við úrðun lífræns og lífrjótanlegs úrgangs.

Sveitarfélagið rekur urðunarstað í landi Þernuness í Reyðarfirði. Nýlega var gefið út endurnýjað starfsleyfi fyrir urðun allt að 3.000 tonna á ári, til ársins 2036. Þar er heimilt að urða úrgang sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

Móttökustöðvar fyrir endurvinnanlegan úrgang eru í þéttbýlisstöðum sveitarfélagsins.

4.11.2 Markmið

Ábyrg förgun úrgangs í samræmi við gott verklag verði auðveld og aðgengileg. Leitast skal við að draga úr magni úrgangs og auka endurnýtingu og endurvinnslu.

- Í almennum skilmálum fyrir íbúðarbyggð er lögð áhersla á auðvelda förgun úrgangs á ábyrgan hátt.
- Afmarkaður er urðunarstaður fyrir úrgang í Þernunesi.

Haldið skal yfirrit yfir gamla urðunarstaði, s.s. þar sem urðaður hefur verið sláturúrgangur og fé vegna riðuniðurskurðar. Það skal m.a. haft til hliðsjónar þegar ný svæði utan þéttbýlis eru tekin undir byggð eða aðrar framkvæmdir.

- Á skipulagsupprætti eru merktir staðir þar sem gæta þarf varúðar vegna sýkingarhættu (VA).

5 Auðlindir og vistkerfi

5.1 Vistkerfi sjávar

5.1.1 Forsendur

Verulegum hluta af fiskafla þjóðarinnar er landað í höfnum Fjarðabyggðar, bæði uppsjávar- og botnfisktegundum en magnið er nokkuð breytilegt milli ára.

Þar sem stjórnsýslumörk sveitarfélaga miðast við netlög, þ.e. 115 metra út fyrir stórstraumsfjöruborð, hafa sveitarstjórnir takmörkuð áhrif á nýtingu hafsvæða og viðgang vistkerfa þar fyrir utan.

Nýting fiskveiðiauðlindar utan sveitarfélagamarka er undirstaða umfangsmikillar starfsemi innan sveitarfélagsins og góð aðstaða til löndunar og vinnslu sjávarafila er forsenda fyrir hagkvæmri nýtingu auðlindarinnar. Að öðru leyti hafa ákvarðanir sveitarstjórnar ekki veruleg áhrif á það hve sjálfbær nýting auðlindarinnar er. Sveitarstjórn getur hins vegar búið í hagin fyrir nýtingu sjávarafila með því að tryggja hafnaraðstöðu og landnými á nálægum iónaðar- og athafnasvæðum.

Grunnsævi og fjörur eru mikilvægar uppeldisstöðvar fyrir fiskungviði og því mikilvægt að tryggja að búsvæði þar raskist ekki og tegundafjölbreytni verði við haldið. Margvísleg starfsemi innan og utan netlaga getur haft áhrif á vistkerfin, t.d. fiskeldi og efnistaka. Sveitarstjórn getur haft áhrif á viðgang vistkerfa með því að setja skilmála um landnotkun fyrir strandsjó, þ.e. sjó innan netlaga og ætlast til þess að leyfisveitendur vegna starfsemi utan netlaga taki tillit til þeirra. Að sama skapi er eðlilegt að vistkerfi í fjörum og á grunnsævi séu nýtt á sjálfbæran hátt til verðmætasköpunar.

Unnið er að gerð strandsvæðaskipulags fyrir Austfirði (sjá <https://www.hafskipulag.is/>) og sveitarstjórn hefur sett sér [nýtingaráætlun fyrir hafsvæði við strendur Fjarðabyggðar](#) en stefna hennar endurspeglast í þessu aðalskipulagi.

5.1.2 Markmið

Búið verði vel að sjávarútvegi og flutningum með vel skipulögðum hafnarsvæðum, góðum samgöngum og nægjanlegu rými fyrir frekari þróun vinnslu og umsvifa í landi.

- Í öllum þéttbýliskjörnum eru skilgreind hafnarsvæði með aðstöðu fyrir löndun sjávarafila, með aðlægum eða nálægum iónaðar- og athafnasvæðum.

Í strandsjó innan netlaga verði iöð áhersla á vernd lífríkis og tegundafjölbreytni um leið gefist færi á sjálfbærri nýtingu vistkerfa.

- Strandsjór innan netlaga er afmarkaður á skipulagsuppráttum (V-1) og settir skilmálar um vernd og nýtingu.

5.2 Gróður og jarðvegur

5.2.1 Forsendur

Bein hagnýting gróður- og jarðvegsauðlindarinnar er forsenda búsetu og starfsemi í dreifbýli. Landnotkun sem herni tengist birtist aðallega í afmörkun landbúnaðarsvæða, skógræktar- og landgræðslusvæða og opinna svæða.

Vorið 2020 setti Landgræðslan fram fyrsta stöðumat á ástandi gróður- og jarðvegsauðlinda landsins (sjá <https://grollind.is/>). Stöðumatíð byggir á

rofkortlagningu Rala og Landgræðslunnar og [vistgerðaflokkun](#)
[Náttúrufræðistofnunar Íslands](#).

Í [landsskipulagsstefnu](#) (gr. 2.3.1) er sett stefna um að í aðalskipulagi byggist skipulagsávarðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands.

Í 5. gr. jarðalaga er áskilið að ef áformað er að leysa land úr landbúnaðarnotum skuli tekin afstaða til eftirfarandi:

- Hvert landið er stærra en þörf krefur að teknu tilliti til þeirra nýtingaráforma sem skipulagstillagan felur í sér. Jafnframt, eftir því sem við á, hvort aðrir valkostir um staðsetningu komi til greina fyrir fyrirhugaða nýtingu á landi sem hentar síður til landbúnaðar og þá sérstaklega jarðræktar.
- Hver áhrif breyttrar landnotkunar eru á aðlæg landbúnaðarsvæði, m.a. hvort hæfileg fjarlægð er milli lands með breyttri landnotkun og landbúnaðar sem fyrir er og hvort girt verði með nýtingaráformum fyrir möguleg búrekstrarnot af landinu í framtíðinni.

Bein hagnýting gróður- og jarðvegsauðlindarinnar í Fjarðabyggð er í meginatriðum þannig:

- Starfandi eru um 40 fjárbú en nautgripaelði eða mjólkurframleiðsla er á 8 búum (tölur frá Matvælastofnun).
- Gerðir hafa samningar um nýfjaskógrækt í atvinnuskyni á um 20 svæðum.

Flokkun landbúnaðarlands

Í mars 2021 gaf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið út [leiðbeiningar um flokkun landbúnaðarlands](#). Þar eru settar fram greinargóðar lýsingar á fjórum flokkum eftir hentugleika lands til akuryrkju. Hvernig land flokkast

ræðst aðallega af jarðvegsaðstæðum annars vegar og landhæð og halla hins vegar, að frádregnu landi þar sem akuryrkja er útlökuð af náttúrulegum ástæðum, t.d. þar sem eru stöðuvötn eða hraun.

Með útgáfu leiðbeininganna er leitast við að uppfylla markmið jarðalaga nr. 81/2004 en í landsskipulagsstefnu er einnig sett fram stefna um að flokkun landbúnaðarlands verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Í leiðbeiningunum eru flokkarnir fjórir skilgreindir sem hér segir:

1. flokkur: Mjög gott ræktunarland

- Góður mójajarðvegur og steinefnaríkar mýrar.
- Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði finkornóttur (sendin mylsna) og ekki með grófri möl.
- Jarðvegsþykkt (dýpt niður á klöpp) a.m.k. 75 cm.
- Land vel þurr eða auðvelt að þurrka það.
- Ekki miklar mishæðir í landinu.
- Halli innan við 4% (2,29°).
- Hæð yfir sjó að jafnaði undir 100 m.

2. flokkur: Gott ræktunarland

- Mýrar með miklu af lifrænum efnum, lakari móar og góðir sandar og melar.
- Steinefnahluti jarðvegsins að jafnaði finkornóttur og ekki með mjög grófri möl.
- Jarðvegsþykkt a.m.k. 50 cm.
- Land vel þurr eða auðvelt að þurrka það.
- Ekki mjög miklar mishæðir í landinu.
- Halli innan við 8% (4,57°).
- Hæð yfir sjó að jafnaði undir 200 m.

3. flokkur: Sæmilegt ræktunarlend

- Lakari mýrar, móar, melar og sandar.
- Steinefnahluti jarðvegsins ekki grófarí en svo að hægt sé að vinna hann án vandræða.
- Jarðvegsþykkt a.m.k. 25 cm.
- Purrkunarskilyrði sæmileg.
- Mishæðir ekki meiri en svo að þær hamli notkun landbúnaðartækja.
- Halli innan við 12% (6,84°).
- Hæð yfir sjó að jafnaði undir 300 m.

4. flokkur: Lélegt ræktunarlend

- Í þennan flokk fellur land neðan 300 m sem ekki uppfyllir skilyrði hinna flokkanna þriggja. Þetta land hentar ekki til akuryrkju en getur hentað vel til þeitar, skógræktar eða fyrir tún.

Á þemauppráttum 4 og 5 er sett fram grófflokkun fyrir sveitarfélagið allt sem byggir á þeim þáttum flokkunarinnar sem vísa til landhæðar og halla en undanskilin eru svæði sem eru augljóslega grýtt og gróðursnauð skv. athugun á loftmynd og þau svæði þar sem finna má lítt raskað votlendi skv. gögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Nánari flokkun þarf að fara fram með athugun á vettvangi, þar sem jarðvegsaðstæður eru skoðaðar sérstaklega. Þar sem grófflokkunin tekur ekki tillit til þeirra krafna sem gerðar eru til jarðvegarins má segja að gæði landsins njóti alls vafa og nánari skoðun getur aðeins valdið því að land falli í lakari flokk.

Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarlend er áskilið að þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar verði metið hve vel land hentar til akuryrkju í samræmi við leiðbeiningarnar og þess verði gætt að gott akuryrkjuland spillist ekki á óafturkræfan hátt að óþörfu.

Skógrækt

Vegna skógræktarsamninga hafa verið afmarkaðir reitir alls 1.580 ha í flokki skógræktar- og landgræðslusvæða þar sem gert er ráð fyrir nýtlaskógrækt. Þær afurðir sem búast má við eru aðallega smáviður til að byrja með sem nýttist í kurl, undirburð og gjóringarstaura en eftir því sem skógurinn vex verða afurðirnar aðallega efni til flettingar (borð og plankar).

Auk fyrrnefndra reita er gert ráð fyrir skógrækt á landbúnaðarsvæðum og á opnum svæðum, t.d. þeim sem mynda "grænan trefill" um þéttbýlisstaðina.

Þegar skógrækt er áformuð þarf að hafa í huga að hún er framkvæmdaleyfisskyld og mögulega matsskyld, skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana nr. 11/2021, sbr. töluvið 1.04 í 1. viðauka laganna.

Unnið er að gerð landsáætlunar í skógrækt í samræmi við ákvæði laga um skóga og skógrækt nr. 33/2019. Drög voru lögð fram til kynningar í apríl 2021. Þar kemur fram framtíðarsýn um að aukin útbreiðsla og vöxtur skóga verði lykiliatriði í að Ísland nái kolefnishlutleysi árið 2040. Síðar er áformað að móta landshlutaáætlanir í samráði við sveitarfélög og hagsmunaaðila. Um forsendur fyrir vali á landi til skógræktar í landshlutaáætluninum segir svo í drögnum:

Það er á ábyrgð framkvæmdaaðila (oftast landeiganda) að velja land til skógræktar og að taka tillit til verndarþátta við það val, enda er það hann sem ber ábyrgð á að farið sé eftir þeim. Sveitarfélög koma að þeirri ákvarðanatöku með skipulagi og framkvæmdaleyfi.

Stefnumörkun um það hvernig skógrækt falli að landi, sbr. einnig ákvæði 70. gr. laga um náttúruvernd, er vísað til framkvæmdáætlana og umsóknargagna vegna framkvæmdaleyfisumsóknar.

Landgræðsla

Eitt virkt landgræðsluvæði er að finna í Fjarðabyggð, þ.e. 48 ha uppgræðsluvæði í Breiðdal. Á nokkrum jörðum er Landgræðslan í samstarfi við bændur undir verkefninu Bændur græða landið.

Unnið er að gerð landgræðsluáætlunar í samræmi við ákvæði laga um landgræðslu nr. 155/2018. Drög voru kynnt í maí 2021. Þar er meðal annars sett markmið um að við framkvæmdir séu notaðar náttúrumiðaðar lausnir sem eru til þess fallnar að vernda viðkvæm vistkerfi. Síðar er áformað að móta landshlutaáætlanir í samráði við sveitarfélög og hagsmunaaðila.

Árið 2020 var gefið út fyrsta mat á stöðu gróður- og jarðvegsauðlinda, sjá <https://gröfnd.is/>.

Ágengar tegundir

Alaskalúpína hefur breiðst út á nokkrum stöðum, sbr. gögn Náttúrufræðistofnunar þar um, þ.á.m. í nágrenni þéttbýlisstaðanna Norðfjarðar, Eskifjarðar, Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Erfitt og kostnaðarsamt er að halda lúpinunni í skefjum og hafa sérstæð útvistarsvæði notið forgangs, t.d. Hólmanes. Áfram verður lögð áhersla á að takmarka útbreiðslu ágengra tegunda á slíkum svæðum.

Hagnýting gróðurs til kolefnisbindingar

Ein helsta uppspretta koldíoxíðlosunar á Íslandi er framræst votlendi. Þar kemst súrefni að kolefni í plöntum sem áður voru á kafi í vatni og þannig

varðar fyrir oxuninni. Afleiðingin er nokkurs konar bruni gróðurleifanna sem koma upp úr kafinu.

Skv. [skurðakortlagningu Landbúnaðarháskóla Íslands](#) (gögn í vinnslu sem taka þarf með fyrirvara) eru um 474 km af framræsluskurðum í Fjarðabyggð og flatarmál framræsts lands um 3.500 ha ef miðað er við 45 metra áhrifasvæði skurðanna til hvorrar handar. Hér er gróflaga áætlað út frá loftmyndum að um helmingur þessa framræsta lands sé í ræktun.

Í losunarbókhaldi Íslands (National Inventory Report, Iceland 2020) er miðað við að framræst votlendi losi 20,9 tonn á hvern hektara. Gróflaga áætlað losar framræst votlendi í Fjarðabyggð því um 73.000 tonn af koldíoxíði ári en hluti losunarinnar er frá framræstu ræktarlendi í notkun við matvælaframleiðslu og því ekki auðvelt að stöðva losunina þar.

Til sammanburðar má taka meðalstóran fólksbíl sem losar 140 g/km af CO₂. Ef honum er ekið 15.000 km á ári er árleg losun 2,1 tonn á ári. Framræsta landið losar því gróflaga á við 35.000 fólksbíla.

Á móti losun kemur binding kolefnis t.d. í skógrækt. Bindingin er mismikil eftir tegundum, frá 3,5 tonnum á hektara í birkiskógi og upp í 20 tonn á hektara á ári í asparskógi. Bindingin er einnig mismikil eftir aldri skógarins, eins og glögglega kemur fram í nýlegum kolefnisreikni Skógræktarinnar, sjá <https://reiknivjel.skogur.is/>. Að auki hefur jarðvegur, umhirða og nýting víðarins áhrif á bindinguna.

Skv. gögnum Skógræktarinnar er náttúrulegt birki innan Fjarðabyggðar 5.583 ha og ræktað skóglendi 1.195 ha. Árleg binding núverandi skóga gæti þá verið tæp 30.000 tonn á ári. Að auki er áformuð nytjaskógrækt skv. samningum á um 1.580 ha. Ef miðað er við að ræktaður skógur bindi um 8 tonn á hektara á ári verður heildarbindingin 42.000 tonn á ári. Hafa verður í huga að þessi binding er hámarksgildi og næst ekki fyrr en skógur

hefur náð að dafna á öllum framangreindum svæðum. Losun frá framræstu votlendi á sér hins vegar stað nú þegar.

Land undir 300 m hæð er um 63.400 ha sem þýðir að náttúrulega birkið er tæp 9% og ræktað skóglendi tæp 2% af landi undir 300 m.

5.2.2 Markmið

Stefnt er að varðveislu góðs ræktarlands á landbúnaðarsvæðum í samræmi við landsskipulagsstefnu þar sem flokkun landbúnaðarlands samkvæmt leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis liggur til grundvallar. Mótun verður nánari stefna um landbúnaðarland á skipulagstímabilinu og hún útfærð með reitaskiptingu.

- Sett eru almenn ákvæði fyrir landbúnaðarland um að við mannvirkjagerð skuli forðast að spilla góðu akuryrkjalandi skv. mati í samræmi við flokkun skv. leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.
- Sett er stefna um takmörkun á útbreiðslu ágengra tegunda í fólkvöngum og friðlöndum og í almennum skilmálum fyrir opin svæði.

Stefnt er að minnkaðri losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar með hvatningu til landeigenda og markvissum aðgerðum á landi í eigu sveitarfélagsins.

- Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði er tekið fyrir framræsingu votlendis nema hún sé forsenda matvæla- eða fódurframleiðslu eða vegna samfélagslega mikilvægra þarfa. Landeigendur eru hvattir til endurheimtar votlendis.

Sjálfbær nýting landbúnaðarlands sé góð undirstaða búsetu og fjölbreyttrar atvinnu í dreifbýli.

- Sett eru almenn ákvæði fyrir landbúnaðarsvæði sem heimila minni háttar mannvirkjagerð í þeim tilgangi að auka öryggi íbúa og auðvelda hagnýtingu landgæða.
- Í almennum ákvæðum um landbúnaðarsvæði er heimild til að byggja íbúðir og fristundahús á lögbylum.

Skógrækt á opnum svæðum stuðli að fjölbreyttu og skjólsælu umhverfi fyrir heilnæma útiveru.

- Í almennum skilmálum fyrir opin svæði er gert ráð fyrir útivistarskógum til skjóls, landbóta og fegrunar.

Kolefni verði bundið með skógrækt og endurheimt gróðurvistikera á rofsvæðum.

- Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði og opin svæði eru rúmar heimildir til skógræktar, auk sérgreindra skógræktar- og landgræðslusvæða.

Öll mannvirkjagerð og skógrækt á landbúnaðarsvæðum taki tillit til búsetulandslags og náttúru- og menningarmínja eins og kostur er og forðast verði að skerða berjalönd, votlendi og mikilvæg sjónarhorf til kenngleita eða fjalla.

- Sjá ákvæði um vernd landslags, mínja og vistgerða í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði.

5.3 Landslag

5.3.1 Forsendur

Landslag er lykilþáttur í að móta staðaranda svæða. Fólk tengir ö't sjálfsmynd við landslagsgerðir heimahaga sinna á sama tíma og


ferðajónustuyrirtæki nota landslag sem aðráttarafi fyrir ferðamenn. Þannig hefur landslag skipað sér sess sem mikilvæg auðlind.

Ísland er aðili að [Evrópska landslagssáttmálanum](#). Með aðild að þessum sáttmála hefur Íslenska ríkið skuldbundið sig til að auka meðvitund og þekkingu á gildi og verðmæti landslags. Það feist m.a. í því að greina og meta landslag og þá þætti sem hafa áhrif á það og setja fram stefnu um gæði landslags.

Til að uppfylla ákvæði sáttmálans hefur Skipulagsstofnun unnið tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu þar sem sett er fram stefna um hvernig taka skuli tillit til landslags við skipulagsgerð. Þar er sveitarfélögum falið að taka mið af þeim gæðum sem felast í landslagi við ráðstöfun lands til uppbyggingar og ræktunar í skipulagsáætlunum. Lögð er áhersla á að aukið tillit sé tekið til landslags og að hönnun byggðar og bæjarrymis eflir þau verðmæti og gæði sem fylgin eru í landslagi.

Landslagshugtakið nær yfir bæði náttúrulega og menningarlega þætti og einnig upplifun af þeim (sjá mynd). Það nær jafnt til óbyggðra svæða, dreifbýlis og þéttbýlis.

Skipulagsstofnun mun annast gerð og miðlun upplýsinga og leiðbeininga um staðarmótun og landslagsvernd í skipulagi sem sveitarfélög og aðrir hagaðilar geta notað við skipulagsgerð. Með þessu er verið að tryggja að staðsetning og útfærsla nýrra mannvirkja og byggðar, bæði innan og utan þéttbýlis, skapi góða umgjörð um mannlíf og starfsemi á hverjum stað og tekið er tillit til staðbundinna gæða landslags.



Fyrir liggur niðurstaða flokkunar og kortlagningar landslagssgerða á landsvísi sem unnin var á vögum Skipulagsstofnunar og gefin út árið 2020. Austfirðir allir, frá Berufirði að Loðmundarfirði, eru settir í einn flokk (6.1 Þröngir jökulsorfnir firðir, fjallendi og inndalir) sem einkennist m.a. af djúpum og þröngum jökulsorfnum fjörðum og inndölum sem afmarkast af háum og bröttum fjöllum. Ár og lækir falla í fossum og renna til sjávar eftir fjarðarbotnum. Yfirborð undirlendis er mólent, graslent eða votlent og í inndölum er víða birkikjarr. Skv. flokkuninni eru helstu sjónrænir eiginleikar taldir vera:

- Stuttar sjónlengdir vegna hárra landforma, en geta verið langar inn og út eftir fjörðum og inndölum.
- Úr fjallshlöðum er útsýni yfir firði.
- Sjónræn fjölbreytni í landformum og áferð yfirborðs.

Nánar tiltekið eru sérkenni landslags í Fjarðabyggð þessi:

- Skammt er milli fjalls og fjöru og undirlendi lítið nema í dölum inn af fjarðarbotnum. Af þessu leiðir að nálægð við fjöll og haf í sömu andrænni er ríkjandi upplifun og fjallahringurinn er víðast hvar umlykjandi.
- Þéttbýlisstaðirnir eru flestir byggðir meðfram fjallshlöðum og byggðin stállast upp frá ströndinni. Margir íbúar njóta því útsýnis yfir fjörð og fjallahring. Að sama skapi er byggðin vel sýnileg úr fjarska. Byggðin verður löng meðfram sjönnum og fjarlægðir innanbæjar því tiltölulega langar.

Um 8% landsins er í sama flokki og landslag í Fjarðabyggð, þ.e. hluti Vestfjarða og Austfirðir.

Sjálfbær nýting landslagsauðindarinnar feist einkum í eftirfarandi:

- Sem umgjörð sjálfsmyndar íbúanna og staðarandans sem er hluti af búsetugæðum.

- Sem uppspretta upplifunar í náttúruskoðun og útvist íbúa og gesta.

5.3.2 Markmið

Náttúrulegu landslagi verði ekki raskað að óþörfu og uppbyggingu beint á þegar röskuð svæði.

- Settur er fram þemauppráttur um náttúruvernd sem endurspeglar mikilvæga þætti í landslagsauðlindinni, þ.á.m. friðlýst svæði, tilgátu um víðerni, svæði sem njóta sérstakrar verndar o.fl.
- Markmiðið er felld inn í almenna skilmála fyrir landbúnaðarsvæði.
- Í almennum skilmálum fyrir fristundabyggð er áskilið að hún falli vel að landslagi.
- Í skilmálum fyrir Gerpissvæðið (OP-12) er lögð áhersla á að sjónræn áhrif mannvirkja og auðlindanýtingar séu í lágmarki, sérstaklega í Helliðfirði, Viðfirði, Sandvík og Vöðlavík.

Landslagið verði hér eftir sem hingað til stór liður í staðarvitund íbúa og dýrmæt auðlind fyrir ferðaþjónustuna, sem nýtt verði á sjálfbæran hátt.

- Sett eru ákvæði um uppbyggingu áhugaverðra viðkomustaða sem tilgreindir eru í áfangastaðaaáætlun og ferðamálaáætlun utan þéttbýlis og opinna svæða, sbr. Söxu (AF-50), Innri og ytri Beljanda (AF-60) og Streitishvarf (S-62).
- Sett eru ákvæði um aðgengi og áningaraðstöðu við vita þar sem það á við, vegna tækifæris sem staðsetning þeirra býður til að njóta landslagsins.

5.4 Vinnanleg orka

5.4.1 Forsendur

Vatnsorka

Eina vatnsorkuverið í Fjarðabyggð er Búðarárvirkjun á Reyðarfirði með uppsett af 250 kW. Sveitarfélagið hefur nýlega dregið sig út úr rekstri virkjunarinnar og dreifiveitu með sölu til Rarik og Orkusöluinnar.

Í kortlagningu virkjanakosta á Austurlandi sem Orkustofnun birti í júlí 2020 er bent á 179 kosti á bilinu 0,1 - 10 MWe. Gerður er fyrirvari um að sumir þessara kosta geti verið erfiðir í framkvæmd og að stuðst hafi verið við áætlað úrkomumagn í stað rennismælinga. Það virðast því vera mörg tækifæri til að virkja vatnsrennsli í smáum stíl.

Vindorka

Sífelmt er farið að líta meira til þess að beisla vind á Íslandi til að mæta vaxandi orkupörf.

Landsvæði þurfa þó að uppfylla ákveðin skilyrði svo að vindorkunýting sé þar fýsileg og hagstæð fyrir stærri vindorkuver. Jafnframt er augljóst að sum svæði henta ekki fyrir slíka orkuframleiðslu. Það á t.d. við um svæði þar sem vindur er ónógur, svæði þar sem takmarkanir gilda vegna verndar náttúru eða lífríkis og svæði þar sem byggð er mikil eða eru nálægt byggð. Ekki er heldur talið vænlegt að vera of nálægt fjallgöðum vegna misvindsis sem skapast við slíkar aðstæður. Einnig er mikilvægt að líta til þess hvort að aðgengi sé að flutningskerfi raforku, sem að lækkar stofnkostnað við vindorkuver og flutningstöp.

Í landsskipulagsstefnu er því beint til sveitarfélaga að taka afstöðu til þess við skipulagsgerð sína hvort taldir eru möguleikar á orkuframleiðslu í dreifbýli með vindorku, í sátt við náttúru og samfélag (sjá gr. 2.5.1).

Eins og áður var sagt þarf að horfa á nýtingarmöguleika vindorkuvera frá mismunandi sjónarhornum því ákjósanleg staðsetning ræðst ekki einungis af vindhraða heldur einnig innviðum og samræmi við aðra landnotkun og hagsmuni. Einnig koma landslagssjónarmið til álita.

Vindmyllur framleiða orku þegar vindhraði er milli 4 og 25 m/s, en við meiri hraða hættu þær framleiðslu. Almennt er þó talið að ákjósanlegt sé að meðalvindhraði sé ekki undir 7,2 m/s í 100 m hæð og vindur sé stöðugur bæði hvað varðar vindátt og vindstyrk. Almennt er talið að orkuframleiðsla nái hámarki þegar meðalvindhraði er um 12 m/s og vindhraðinn stöðugur og lítið um hviður. Misvindi skapast oft við fjallgarða og er því ekki æskilegt að staðsetja vindorkuver við fjöll. Hættu á ísingu vex með hæð og ef ísing safnast á spaða getur myndast ískast.

Fjórar háspennulínur liggja í gegnum sveitarfélagið. Þetta eru Fjóttsdalslína, Fáskrúðsfjarðarlína, Neskaupstaðarlína og Eskifjarðarlína. Það er þó engin háspennulína í grennd við Breiðdalsvík. Flutningsgeta ætti því að vera ágæt í sveitarfélaginu.

Þótt vindur sé nægur í fjallendi Fjarðabyggðar er landslag þar almennt óheppilegt vegna hæðar og bratta. Í fjörðum og dölum er vindur á hinn bóginn of lítill, misvindi af nálægum fjöllum og önnur landnotkun nálæg. Náttúruvernd, t.d. á Gerpissvæðinu, getur einnig fækkað stöðum sem til greina koma.

Athugun á forsendum vindorkunýtingar með ofangreind atriði í huga leiðir í ljós að það er helst í Breiðdal sem landslag og önnur landnotkun útilokar ekki vindorkuver en það þýðir ekki að hún eigi við þar eða sé æskileg. Að öðru leyti er engin stefna um vindorkunýtingu mótuð í aðalskipulaginu.

5.4.2 Markmið

Hlutur umhverfissvænni orkugjafa aukist í almennri orkunotkun, orka verði betur nýtt og orkunotkun Fjarðabúa valdi lágmarks álagi á náttúruna.

- Á landbúnaðarsvæðum og opnum svæðum er gert ráð fyrir búnaði til orkuöflunar, allt að 200 kW. Stærri virkjanir kalla á sérgreinda landnotkun.

5.5 Jarðefni

5.5.1 Forsendur

Aðgangur að úrvali jarðefna með mismunandi eiginleika er mikilvæg forsenda framkvæmda, nýbygginga og viðhalds á mannvirkjum. Til þess að minnka kostnað og kolefnislosun við flutninga á jarðefnum er leitast við að hafa aðgang að bæði mól og grjóti í hverjum firði.

Þörf fyrir jarðefni er einkum vegna vegagerðar og viðhalds vega, við aðrar stærri innviðáframkvæmdir eins og t.d. hafnargerð og síðan við húsbýggingar og lóðafrágang. Á bújörðum er einnig þörf fyrir minni háttar efnistöku.

Námur sem tilgreindar eru í aðalskipulaginu eru byggðar á upplýsingum frá Vegagerðinni (sjá www.namur.is) og sérstakri úttekt á mögulegum efnistökustöðum innan sveitarfélagsins. Auk tilgreindra efnistökusvæða er efnistaka heimil í árfarvegum og af botni stöðuvatna innan landbúnaðarsvæða og af botni strandsjávar. Efni hefur einnig verið tekið til hafnarframkvæmda af sjávarbotni utan netlaga og er sú efnistaka því ekki innan sveitarfélagsmarka. Orkustofnun veitir leyfi fyrir efnistöku utan netlaga.

Umfang hinna afmörkuðu efnistökusvæða miðast við að líklegum þórfum á skipulagstímabilinu sé mætt en eðlilegt er að efnistaka á hverjum stað sé áfangaskipt og ekki heilt svæði opið í einu. Um efnistökusvæði glida lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, þar sem máttsskylda fer eftir tölulíðum 2.01 til 2.02 í 1. viðauka laganna. Í 2. viðauka sömu laga er fjallað um viðmiðanir við matið, t.d. vegna verndargildis.

Fjallað er um skilyrði fyrir veitingu framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku, efnisatriði leyfisumsóknar og málsmeðferð í 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

5.5.2 Markmið

Við byggingar og aðra mannvirkjagerð sé auðvelt að afla nauðsynlegra jarðefna á hagkvæman og aðgengilegan hátt.

- Tilgreint er úrval efnistökuastaða og gefnar almennar heimildir til efnistöku úr árfarvegum á landbúnaðarsvæðum að uppfylltum skilyrðum við umsókn um framkvæmdaleyfi.

Öll efnistaka og vinnsla fari fram með skipulegum hætti í samræmi við leyfi þar um. Efnisnám valdi ekki neikvæðum áhrifum á lífríki, náttúru- og menningarmínjar, landslag og útivistarsvæði.

- Vísað er í ákvæði skipulagslaga, laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um náttúruvernd í almennum skilmálum efnisökusvæða og landbúnaðarsvæða.

6 Vernd

6.1 Náttúruvernd

6.1.1 Forsendur

Kveðið er á um náttúruminjaskrá í lögum um náttúruvernd. Henni er skipt í þrjú hluta þar sem sá fyrsti (A) fjallar um þegar friðlýst svæði, annar (B) er um friðlýsingaráform og sá þriðji (C) tilgreinir aðrar mikilvægar náttúruminjar.

A-hluti náttúruminjaskrár

Um friðlýsingar gilda ákvæði laga um náttúruvernd og stjórnsýsla friðlýstra svæða er hjá ríkisvaldinu en framkvæmd og útfærsla friðlýsinga er í samráði við sveitarstjórnir. Afmarkanir friðlýstra svæða eru gefnar út af ríkisvaldinu en færðar inn á skipulagsupprætti, þótt þar sé ekki um eiginlegar skipulagsákvæðanir sveitarstjórna að ræða. Undantekningar frá þessu eru annars vegar fólkvangar, sem skv. lögum um náttúruvernd eru skilgreindir sem verndarsvæði að frumkvæði sveitarfélaga og hins vegar hverfisverndarsvæði en þau eru skipulagsákvörðun sveitarstjórnar.

Fimm friðlýst svæði eru í Fjarðabyggð:

- Fólkvangur Neskaupstaðar
- Helgustaðanáma, náttúruvætti
- Gerpissvæðið, landslagsverndarsvæði
- Hólmanes, friðland og fólkvangur
- Skrúður, friðland

B-hluti náttúruminjaskrár

Náttúrufræðistofnun hefur gert tillögu til umhverfis- og auðlindaráðuneytis um svæði á B-hluta náttúruminjaskrár, þ.e. svæði sem áformað er að friðlýsa. Í Fjarðabyggð er gerð tillaga um þrjú svæði, sem sýnd eru á þemaupprætti um náttúruvernd (sjá einnig vefsíða <https://natturuminjaskra.ni.is/>):

- Skrúður, vegna langvíu og lunda.
- Vattarnes, vegna klóþangs.
- Fjörur í sunnanverðum Fáskrúðsfirði, vegna klóþangs.

C-hluti náttúruminjaskrár

Fimm svæði eru á C-hluta náttúruminjaskrár, sem biður endurskoðunar sbr. 2. tl. í bráðabirgðaákvæðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013, en stefnt er að því að endurskoðuninni ljúki fyrir árslok 2021. Svæðin koma fram á þemaupprætti um náttúruvernd og eru þessi:

- Fjarðardalur, Mjóafirði
- Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandрастаðir, Norðfirði
- Gerpissvæðið, utan friðlýsts hluta
- Sandfell, Fáskrúðsfirði
- Leirur í Breiðdalsvík

Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja

Eftirtalin vistkerfi og jarðminjar njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd:

- votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, 20.000 m² að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfítjar og leirur,
- sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré.

- eldvörp, eldhraun, gervíggar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma,
- fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, hverir og aðrar heitar uppsprettur ásamt lífríki sem tengist þeim og virkri ummyndun og útfellingum, þar á meðal hrúðri og hrúðurbreiðum

Forðast ber að raska þessum vistkerfum og jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til. Skytt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun. Áður en leyfi er veitt skal leyfisveitandi leita umsagnar Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar nema fyrir liggja staðfest aðalskipulag og samþykkt deiliskipulag þar sem umsagnir liggja fyrir.

Í lagagreininni eru frekari ákvæði um leyfisveitingar.

Sýnd eru á þemaupprætti um náttúruvernd svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd, t.d. votlendi, sjávarfjar og leirur, fossar og vötn. Ekki liggur fyrir mat á því hvaða birkiskógar eða leifar þeirra teljast sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir.

Vísað er til sérstakrar verndar skv. 61. gr. í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði, opin svæði og strandsvæði.

Innan sveitarfélagsins eru vistgerðir sem hafa mjög hátt vermdargildi skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<https://vistgerdakort.ni.is/>) og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Viðerni

Viðerni hafa ekki verið friðlýst eins og heimilt er skv. 46. gr. laga um náttúruvernd en landsskipulagsstefna kveður á um að við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði

viðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst. Umrædd lagagrein er hins vegar opin fyrir túlkun og því ekki að fullu ljóst hvers konar mannvirki verða til þess að viðerni skerðist.

Landsskipulagsstefna visar til hálendis Íslands en samkvæmt venjulegri afmörkun nær það ekki til Fjarðabyggðar. Á þemaupprætti um náttúruvernd er samt sett fram gróf tilgáta sem miðast við að um sé að ræða a.m.k. 25 km² svæði þar sem a.m.k. 5 km eru að næsta vegi af tegund A-C eða næstu háspennulínu í flutningskerfi. Um er að ræða þrjú svæði:

- Utanverður Mjölfjörður, að Dalatanga. Þar fellur viðernið að hluta á óbyggt svæði og að hluta á landbúnaðarsvæði.
- Gerpissvæðið, þar sem viðernið fellur allt innan opna svæðisins (OP-12), sem þýðir að mannvirkjagerð þar er mjög takmörkuð.
- Svæði kringum Smjörhnútu, innst í Norðurdal. Það fellur nær allt innan óbyggt svæðis og að örlitlu leyti innan landbúnaðarsvæðis.

Engar nýframkvæmdir eru fyrirhugaðar sem gætu skert viðernin miðað við gefnar forsendur í tilgátunni en almennar heimildir til mannvirkjagerðar á landbúnaðarsvæðum gætu verið í ósamræmi við aðrar túlkanir á viðernishugtakinu.

Mikilvæg fuglasvæði

Átta alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði, skv. [viðmiðum BirdLife International](#), eru innan Fjarðabyggðar og koma þau fram á þemaupprætti um náttúruvernd.

Hverfisvernd

Hverfisvernd getur náð til bæði náttúru- og menningarminja. Sveitarstjórn Fjarðabyggðar beitir hverfisvernd þegar vernd er ekki talin nægilega tryggð með annarri stefnu um landnotkur eða með vermdarálkæðum skv. öðrum lögum en skipulagslögum. Önnur stefna um landnotkun kemur þá

fram í skipulagsskilmálum, bæði almennum og sértækum, eftir því sem við á hverju sinni. Gert er ráð fyrir að hverfisvernd húsa, húsaþyrpinga og götumynda sé einkum beitt í deiliskipulagi enda eru betri færi á að meta verndargildi á því skipulagsstigi.

6.1.2 Markmið

Sérstæð náttúra njóti verndar, bæði að frumkvæði sveitarstjórnar með eigin skipulagsákvörðunum og í samstarfi við ríkisvaldið. Vernd fari saman við sjálfbæra nýtingu eftir því sem færi er á, enda ógni nýtingin ekki hinu verndaða.

- Á skipulagsuppráttum eru afmörkuð friðlýst svæði skv. lögum um náttúruvernd og hverfisverndarsvæði skv. ákvörðun sveitarstjórnar.
- Á viðáttumiklum svæðum er sett stefna um landnotkun sem felur í sér margvíslega vernd, þ.e. að mannvirkjagerð þar lýtur verulegum takmörkunum, sjá t.d. almenna skilmála fyrir óbyggð svæði, opin svæði og landbúnaðarsvæði.
- Þemauppráttur um náttúruvernd veitir ítarlegri upplýsingar um verndarákvæði en skipulagsupprátturinn.
- Sett er stefna um takmörkun á útbreiðslu ágengra tegunda í fólkvöngum og friðlöndum.

6.2 Vatnsvernd

6.2.1 Forsendur

Aðgangur að hreinu drykkjarvatni er mikilvæg forsenda búsetu og matvælaframleiðslu.

Vatnsból fyrir þéttbýlisstaði eru afmörkuð í aðalskipulagi ásamt vatnsverndarsvæðum sem skiptast í þrjú stig: brunnsvæði, grannsvæði og

fjarsvæði, sbr. reglugerð nr. 533/2001. Vötn og ár njóta verndar skv. ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 en ekki hefur verið unnið að flokkun vatns í samræmi við 8. gr. reglugerðarinnar.

Bæir í dreifbýli eru yfirleitt með eigið vatnsból og eru þau ekki afmörkuð í aðalskipulaginu.

Unnið er flokkun vatna og vatnshlota á vettvangi vatnasvæðanefnda. Fjarðabyggð er á vatnasvæði 4 og á sveitarfélagið fulltrúa í vatnasvæðanefnd þess svæðis. Umhverfisstofnun hefur lagt fram drög að vatnaáætlun, skv. lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Skv. drögnum eru engin vatnshlot í Fjarðabyggð í hættu eða óvissuástandi.

6.2.2 Markmið

Vatn, sem aflað er í vatnsbólum, spillist ekki vegna framkvæmda eða mengunar. Sama á við um möguleg framfærarvatnsból.

- Á skipulagsupprætti eru afmörkuð vatnsból, grannsvæði og fjarsvæði og kveðið á um takmarkanir á landnotkun í almennum skilmálum með nánari ákvæðum í sértækum skilmálum þar sem það á við.

6.3 Minjavernd

6.3.1 Forsendur

Um menningarmínjar gilda lög nr. 80/2012 en til þeirra teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar.

Hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri teljast fornleifar. Tæplega 200 hús í Fjarðabyggð hafa náð 100 ára aldri og njóta því aldursfriðunar en búast má við að á næstu árum bættist 10-15 hús við á hverju ári. Afla má upplýsinga um aldur húsa [á vef Þjóðskrár](#). Framkvæmdir við hús og mannvirki sem byggð voru 1925 eða fyrr og kirkjur sem reistar voru 1940 eða fyrr eru umsagnarskyldar.

Friðlýstar fornleifar og friðlýst hús koma fram sem takmarkandi ákvæði á aðalskipulagsupprætti og í kafla um landnotkun undir minjavernd ef friðlýsingar er ekki sérstaklega getið í stefnu um landnotkun á þeim stað. [Minjastofnun](#) veitir upplýsingar um það hvar minjar hafa verið skráðar. Á nokkrum svæðum hafa minjar verið skráðar skv. eldri stöðlum sem eru ekki fullnægjandi miðað við þær kröfur sem nú eru gerðar.

Í þéttbýliskjómunum er víða að finna áhugaverðan byggingararf með fingert yfirbragð, sem veitir innsýn í sögu byggðarinnar. Takmörkuð gögn liggja fyrir um verndargildi byggingararfsins og því brýnt að við breytingar eða nýbyggingar í eldri byggð sé lagt mat á þetta gildi, bæði hvað varðar byggingar og bæjarlými og leitast við að virða og samræma sem best við þá byggð sem fyrir er. Þegar þannig háttar til þarf deiliskipulag eða útgáfa byggingarleyfis að stjóðjast v ð þau gögn um verndargildi sem til eru og álit sérfróðra. Gert er ráð fyrir að hverfisvernd húsa, húsaþyrpinga og götumynnda sé einkum beitt í deiliskipulagi enda eru betri færri á að meta verndargildi á því skipulagsstigi.

Bæði fornminjar og byggingararfur leika mikilvægt hlutverk í því að stöðja við sjálfsmynd samfélagsins og kynna sögu þess fyrir íbúum og gestum. Minjar og byggingararfur er þannig auðlind sem nýta má með því að draga fram söguna sem í henni er fólgin og með því að vernda arfinn verður nýtingin sjálfbær. Ferðabjónusta getur nýtt þessa auðlind og fléttað hana inn í þá upplifun sem gestum er boðin. Sveitarstjórn getur nýtt hana til að efla þekkingu á sögu byggðarinnar og styrkt þannig rætur samfélagsins.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og í [reglum um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019](#) segir enn fremur að fornleifar, hús og mannvirki í þéttbýli og á svæðum þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir sem valda jarðraski á skipulagstímanum skulu skráð á vettvangi áður en aðalskipulagið er samþykkt en skilgreining slíkra svæði skal gerð í samráði við minjavörð.

Óheimilt er að veita leyfi til bygginga eða til framkvæmda án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og 5. gr. reglna um skráningu jarðfastra menningarminja nr. 620/2019 auk þess sem skráning fornleifa, húsa og mannvirkja þarf að hafa farið fram áður en deiliskipulag er samþykkt.

Fjarðabyggð og Minjastofnun Íslands munu gera með sér samkomulag um skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja í þéttbýli Fjarðabyggðar og á fyrirhuguðum framkvæmdarsvæðum á skipulagstímabili nýs aðalskipulags Fjarðabyggðar á tímabilinu 2020-2040 með vísan í 3. gr. [reglna um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019](#).

Samkomulagið verður með tímasettri áætlun skráningarstarfsins og verður undirrituð af fulltrúum sveitarfélagsins og Minjastofnunar.

6.3.2 Markmið

Leitast skal við að vernda sögulegar minjar og gera þær lifandi og aðgengilegar almenningi.

- Friðlýstar fornleifar og friðlýst hús og mannvirki koma fram í skipulagsgögnum, ýmist í skipulagsákvæðum viðkomandi afmarkana á uppdrætti eða með viðbótarákvæðum í flokki MV.

Stuðlað verði að vernd bygginga, götumynda og hverfa sem hafa verndargildi út frá byggingarlistrænu, sögulegu eða umhverfislegu sjónarmiði.

- Í almennum skilmálum fyrir íbúðarbyggð er kveðið á um að gætt skuli að varðveislu byggingararfs. Hlióðstæðir skilmálar gilda fyrir aðra reiti í elstu hlutum bæjanna.
- Hverfisvernd er beitt til að hnykkja á vernd tveggja húsabyrpinga.

7 Náttúruvá

7.1 Ofanflóð

7.1.1 Forsendur

Fyrir liggur staðfest ofanflóðahættumat fyrir þéttbýlisstaðina Norðfjörð (2002), Eskifjörð (2002) og Fáskrúðsfjörð (2006), en það eru þeir þéttbýlisstaðir í Fjarðabyggð þar sem hættan er á ofanflóðum. Ekki liggur fyrir formlegt mat á ofanflóðahættu utan þéttbýlis, en til eru heimildir um einstök ofanflóð í sveitum Fjarðabyggðar (sjá ofanflóðavefsíð Væðurstofu Íslands). Einnig hefur verið unnið snjóflóðahættumat fyrir Skíðamiðstöð Austurlands í Oddsskarði (2010).

Síðan hættumat fyrir ofangreinda staði var staðfest hafa ný varnarmannvirki verið reist og vinnur Veðurstofan að endurskoðun hættumats vegna ofanflóða. Byrjað verður á endurskoðun fyrir Norðfjörð en ekki liggur fyrir hvenær endurskoðun fyrir sveitarfélagið allt lýkur.

Þar sem nýjar hættumatslínur liggja ekki fyrir eru hinar staðfestu hættumatslínur sýndar óbreyttar á skipulagsuppdrætti.

Samkvæmt ofanflóðahættumati frá 2002 telst stór hluti þéttbýlis á Norðfirði vera á hættusvæði. Reist hafa verið mannvirki til varnar snjóflóðum við Drangagil og Tröllagil. Framkvæmdir eru hafnar vegna snjóflóða úr Urðarbotnum og Snjógili. Skýrsla vegna mats á umhverfisáhrifum og hönnun liggur fyrir vegna Nes- og Bakkagilja.

Á Eskifirði er hættan vegna stórra snjóflóða talin tiltölulega lítil, en þó hafa verið byggð hús sem teljast vera á snjóflóðahættusvæðum. Stór hluti ofanflóðahættu á Eskifirði stafar af aur-, krapa- og vatnsflóðum, en auðveldara er að bregðast við slíkri hættu en snjóflóðum, s.s. með dýpkun farvega og bættum frágangi ræsa og brúa. Varnarmannvirki hafa verið reist í og við Bleiksá, Ljosa og Hlíðarendaa, framkvæmdir vegna varnarmannvirka eru hafnar við Lambeyrará. Framkvæmdir eru fyrirhugaðar við Griótá á næstu misserum.

Vinnu við gerð varnarkirja á Fáskrúðsfirði lauk á árinu 2014.

Þá eru einnig þekkt svæði í Fjarðabyggð þar sem snjóflóð hafa fallið yfir þjóðvegi utan þéttbýlis.

Hættumatslínur afmarka mismunandi flokka staðaráhættu, sbr. reglugerð nr. 505/2000. Staðaráhætta er skilgreind sem árlegar dánarlíkur einstaklings af völdum ofanflóða ef dvalið er öllum stundum í óstyrktu einbýlishúsi. Reglugerðin tiltekur hvaða mannvirkjagerð er heimil fyrir hvern flokk staðaráhættu.

Brekkumegin hættumatslínunnar skiptast hættusvæði í þrjú flokka eftir vaxandi áhættu. Hættusvæði A afmarkast af jafnáhættulínunum 0,3 – 1 af 10.000. Hættusvæði B afmarkast af jafnáhættulínunum 1 - 3 af 10.000. Hættusvæði C er svæði þar sem staðaráhætta er meiri en 3 af 10.000. Neðan hættumatslínu er árleg staðaráhætta minni en 0,3 af 10.000.

7.1.2 Markmið

Við deiliskipulagsgerð og undirbúning framkvæmda skal gætt að því hvort hættu er á ofanflóðum. Skoða þer hættumatslínur í því ljósi að forsendur kunna að hafa breyst vegna nýrra varnarmannvirkja og nýrra upplýsinga um hegðun ofanflóða.

- Hættumatslínur koma fram á skipulagsuppráttum en þær hafa ekki verið uppfærðar í framhaldi af uppsetningu nýrra varnarmannvirkja.

7.2 Framhlaup og flóðbylgjur

7.2.1 Forsendur

Vitað er um staði í Eskifirði þar sem vart hefur orðið jarðsigs.

Árið 2017 gerði Veðurstofan staðbundið hættumat fyrir hesthúshverfi við Símonartún.

Hættumat eða afmörkun hættusvæða liggur ekki fyrir.

7.2.2 Markmið

Forðast megi hættu og tjón vegna framhlaups og flóðbylgna með hættumati og afmörkun hættusvæða.

- Engin skipulagsákvæði eða afmarkanir tengjast markmiðinu þar sem nægar upplýsingar liggja ekki fyrir.

7.3 Hætta vegna loftslagsbreytinga

7.3.1 Forsendur

Sífelld fjölga vísbendingum um að loftslagsbreytingar séu að ríða. Í Fjarðabyggð er búist við að hætta á tjóni af þessum sökum sé einkum vegna hækkandi sjávarstöðu og vaxandi öfuga í veðurfari. Sjávarflóð eru ekki algeng í sveitarfélaginu en þó varð rokkurt tjón á mannvirkjum í sjávargangi þann 30. desember 2015. Gera þarf ráð fyrir því að loftslagsbreytingar á næstu áratugum geti aukið líkur á flóðum með hækkandi sjávarstöðu og auknum veðurofna. Skýrar viðmiðanir um flóðhæð sem taka beri tillit til við skipulagsgerð eru ekki fyrir hendi enda hafa spár um loftslagsbreytingar verið að þróast, ásamt mati á lóðréttum jarðskorpureyvingum. Samkvæmt [skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018](#) er gert ráð fyrir að á Austfjörðum muni hækkun sjávarstöðu verða um 18-40% af hnatrænni sjávarstöðuhækkun. Mesti munur stórstraumsflóðs og fjöru er um 2 metrar við Austfirði. Flóðborð yfir meðalsjávarstöðu gæti þá gróflaga verið þannig saman sett:

- 1 metri vegna sjávarfalla (háflóð)
- 1 metri vegna áhlaðanda (1 cm fyrir hvert millibar í undirþrýstingi)
- 0,4 metrar vegna sjávarstöðubreytinga m.v. 1 metra á heimsvísu

Vegagerðin hefur gefið út [viðmiðunareglur fyrir landhæð á lágsvæðum \(2018\)](#) sem byggja á fyrirnefndri skýrslu vísindanefndar.

Þemauppráttur um lágt liggjandi svæði sýnir landhæð frá 0 til 4 metra og er rétt að hafa varúð við mannvirkjagerð innan þessara svæða. Þekking á loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra þróast hratt og því nauðsynlegt að afla nýjustu gagna hverju sinni um hættu á sjávarflóðum.

Sjá einnig [umhverfis- og loftslagsstefnu Fjarðabyggðar](#).

7.3.2 Markmið

Skipulag lágsvæða skal taka mið af þörf á sjóvörnum og tillit til hættu á hækkun sjávarborðs vegna hnattrænna loftslagsbreytinga.

- Þemauppdráttur um lágt liggjandi svæði sýni hvar gæta þarf varúðar vegna hækkunar á sjávarstöðu.
- Í almennum skilmálum fyrir þéttbýlismörk er áskilið að við mannvirkjagerð sé tekið tillit til nýjustu upplýsinga um líklegar breytingar á sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga.

7.4 Sýkingarhætta

7.4.1 Forsendur

Á nokkrum stöðum í Fjarðabyggð hefur sýkt búfé verið grafið gegnum tíðina. Sérstaka varúð þarf að hafa þar sem riðufé og miltisbrandssýktar skepnur hafa verið grafnar en smithætta getur varað í áratugi. Dýralæknarnir Hákon Hansson og Sigurður Sigurðarson lögðu fram upplýsingar um hvar sýktir gripir kynnu að hafa verið grafnir. Hafa verður í huga að nokkur skekkja getur verið í staðsetningum og því rétt að afla frekari upplýsinga áður en hreyft er við jarðvegi í nágrenni við tilgreinda staði.

7.4.2 Markmið

Hægt verði að forðast jarðrask þar sem sýkt búfé hefur verið grafið.

- Merktar eru inn á aðalskipulagsuppdrátt (varúðarsvæði, VA) þær grafir sem vitað er um að geti valdið hættu. Hafa þarf í huga að staðsetning grafanna getur verið ónákvæm og afla þarf frekari upplýsinga ef jörð er raskað í grenndinni.

8 Landnotkun

Hér á eftir eru settar fram töflur sem lýsa almennum og sérteknum skipulagsskilmálum fyrir allar afmarkanir á skipulagsuppráttum.

Veittur er þægilegur aðgangur að sömu upplýsingum í vefsíðu:

<https://geo.alta.is/fib/ask/>

Hafa þarf í huga að þrátt fyrir að fjölbreyttur aðgangur kunni að vera veittur að texta og afmörkunum skipulagsins eru staðfest gögn sem Skipulagsstofnun miðlar hin endanlega og rétta heimild um skipulagsákvæði.

Á uppráttum er fylgt reglu við númeringu reita sem hér segir:

- Tölur hækka frá norðri til suðurs og frá vestri til austurs.
- Tölur undir tug vísa til stórra svæða sem ná til allra hluta sveitarfélagsins og eiga líka við um landnotkun í Mjóafirði.
- Tölur í tugum vísa til fjarða með þéttbýliskjörnum og hefur hver fjörður sinn tug, þ.e. Norðfjörður 10, Eskifjörður 20 og svo framvegis.
- Tölur í hundruðum eiga við þéttbýli og hefur hver þéttbýliskjarni sitt hundrað, þ.e. Norðfjörður 100, Eskifjörður 200 og svo framvegis.

8.1 Stefna um landnotkun

8.1.1 Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Afþreyingar- og ferðamannasvæði eru fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Á afþreyingar- og ferðamannasvæðum er gert ráð fyrir mannvirkjum og aðstöðu sem vænta má á síkum svæðum án þess að þeirra sé sérstaklega getið í sértækum skilmálum, t.d. bílastæðum, stígum, pöllum, salemum og öðrum þjónustuhúsum. Öll mannvirki þarf að fella vel að náttúru og landslagi.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
AF-50	Saxa <i>Áhugaverður viðkomustaður fyrir ferðafólk.</i>	
AF-60	Innri og Ytri Beljandi <i>Áhugaverður viðkomustaður ferðafólks.</i>	
AF-100 1,3 ha	Tjaldsvæði Norðfjarðar <i>Fyrirhugað á skipulagstímabilinu.</i>	Tjaldsvæði með þjónustubyggingum og annarri venjulegri aðstöðu fyrir tjaldgesti.
AF-200 1,6 ha	Tjaldsvæði Eskifjarðar <i>Fyrirhugað á skipulagstímabilinu.</i>	Tjaldsvæði með þjónustubyggingum og annarri venjulegri aðstöðu fyrir tjaldgesti.
AF-300 4,7 ha	Tjaldsvæði Reyðarfjarðar	Tjaldsvæði með þjónustubyggingum og annarri venjulegri aðstöðu fyrir tjaldgesti.
AF-400 2,0 ha	Tjaldsvæði Fáskrúðsfjarðar	Tjaldsvæði með þjónustubyggingum og annarri venjulegri aðstöðu fyrir tjaldgesti.
AF-500 0,7 ha	Tjaldsvæði Stöðvarfjarðar <i>Framtíðartjaldsvæði.</i>	Tjaldsvæði með þjónustubyggingum og annarri venjulegri aðstöðu fyrir tjaldgesti.

AF-600 Tjaldsvæði Breiðdalsvíkur
0,6 ha Framtíðartjaldsvæði.

Tjaldsvæði með þjónustubyggingum og annarri venjulegri aðstöðu fyrir tjaldgesti.

8.1.2 Athafnasvæði (AT)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Athafnasvæði eru ætluð fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttan iðnað, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

Á athafnasvæðum er lögð áhersla á góða ásjón og vandaðan frágang, sérstaklega þar sem önnur nálæg landnotkun gefur tilefni til, s.s. íbúðarbyggð, miðsvæði, þjónusta og opin svæði. Gert er ráð fyrir því að hluti starfsemi á athafnasvæðum feli í sér sölu og afgreiðslu til almennings, líkt og gerist á svæðum fyrir verslun og þjónustu.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
AT-10	Vörugeymsla	Núverandi vörugeymsla. Ekki er gert ráð fyrir frekari mannvirkjagerð.
AT-20 3,4 ha	Simonartún	Svæði fyrir léttan iðnað og geymslur.
AT-21	Eskifjörður, hitaveita	Borholur ásamt tilheyrandi mannvirkjum og aðstöðu fyrir hitaveitu.
AT-22	Eskifjarðarsel, hitaveita	Borholur ásamt tilheyrandi mannvirkjum og aðstöðu fyrir hitaveitu.
AT-30	Geymslusvæði Geymslusvæði fyrir Vegagerðina.	Gert er ráð fyrir áhaldahúsi á einni hæð og útisvæði.
AT-31	Vörugeymsla	Núverandi vörugeymsla. Ekki er gert ráð fyrir frekari mannvirkjagerð.

AT-40	Geymslusvæði að Kirkjubóli	Hús og plön fyrir geymslu og viðhald tækniúnaðar.
AT-100 0,7 ha	Athafnasvæði gegnt Urðarteig	Snyrtileg athafnastarfsemi með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við núverandi götumynd og yfirbragð á nálægum svæðum.
AT-101 0,9 ha	Athafnasvæði við Strandgötu	Snyrtileg athafnastarfsemi með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við núverandi götumynd og yfirbragð á nálægum svæðum.
AT-102 0,3 ha	Björgunarstöð Björgunarsveitin Gerpir.	Snyrtileg athafnastarfsemi með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við núverandi götumynd og yfirbragð á nálægum svæðum.
AT-103 0,6 ha	Eyri - athafnasvæði	Snyrtileg athafnastarfsemi með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við núverandi götumynd og yfirbragð á nálægum svæðum.
AT-200 4,8 ha	Dalur athafnasvæði	Snyrtileg athafnastarfsemi í samræmi við yfirbragð á nálægum svæðum.
AT-201 6,1 ha	Athafnasvæði við Eskifjarðarhöfn	Snyrtileg athafnastarfsemi með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við núverandi götumynd og yfirbragð á nálægum svæðum.
AT-300 3,9 ha	Athafnasvæði við Hjallaleiru	Snyrtileg athafnastarfsemi með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við núverandi götumynd og yfirbragð á nálægum svæðum. Tryggt verði aðgengi almennings að strönd, neðan athafnasvæðisins.
AT-301 14,3 ha	Athafnasvæði við Nesbraut Rúmgóðar lóðir.	Snyrtileg athafnastarfsemi með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við núverandi götumynd og yfirbragð á nálægum svæðum. Áhersla á góða ásjúnd við Ægisgötu og Búðareyri.
AT-302 2,2 ha	Athafnasvæði milli Austurvegar og Ægisgötu	Snyrtileg athafnastarfsemi með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við núverandi götumynd og yfirbragð á nálægum svæðum. Sérstök áhersla á góða ásjúnd vegna nálægðar við umferðargötu.
AT-303	Aðstaða björgunarsveitar við Austurveg	Snyrtileg athafnastarfsemi með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við

0,3 ha		núverandi götumynd og yfirbragð á nálægum svæðum.
AT-400 3,7 ha	Athafnasvæði við Ósinn	Snyrtileg athafnastarfsemi með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við núverandi götumynd og yfirbragð á nálægum svæðum.
AT-401 0,7 ha	Athafnasvæði við Búðaveg	Snyrtileg athafnastarfsemi með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við núverandi götumynd og yfirbragð á nálægum svæðum.
AT-402 4,9 ha	Athafnasvæði við Hafnargötu	Snyrtileg athafnastarfsemi í bland við verslun og þjónustu með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við núverandi götumynd og yfirbragð á nálægum svæðum.
AT-500 2,4 ha	Athafnasvæði norðan hafnar	Snyrtileg athafnastarfsemi með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við núverandi götumynd og yfirbragð á nálægum svæðum.
AT-601 4,0 ha	Selnes	Snyrtileg athafnastarfsemi, sjóvarnir og viti með mögulegum breytingum og viðbótum í samræmi við núverandi götumynd og yfirbragð á nálægum svæðum.

8.1.3 Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Efnistöku- og efnislosunarsvæði eru svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni. Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám. Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem falla vegna byggingarframkvæmda.

Námum og haugsetningarsvæðum skal lokað svo fljótt sem auðið er og gengið frá yfirborði á vandaðan hátt. Nýta skal þá hluta efnistökusvæða þar sem vinnslu er lokið til haugsetningar á ónothæfum uppgeftri, eftir því sem færi eru á.

Um framkvæmdaleyfi og málsmeðferð gildir 13. grein skipulagslaga. Sjá einnig ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um náttúruvernd.

Auðkenni **Lýsing** **Skilmálar**

E-1 **Brekka** Efnistaka á allt að 25.000 m² svæði og allt að 50.000 m³.

E-2	Steinsnes í Mjóafirði	Malarnám, allt að 25.000 m ² og 50.000 m ³ .
E-10	Skuggahlíðarbjarg <i>Náman hefur verið í rekstri á smærra svæði.</i>	Grjótnám á 35.000 m ² svæði, alls 100.000 m ³ .
E-11 4,2 ha	Skuggahlíð, malarnáma <i>Náman hefur verið í rekstri á minna svæði.</i>	Malarnám úr sjávarhalla, allt að 49.000 m ³ . Gæta þarf varúðar vegna ríðufjárgrafar. Möguleikar á framtíðarstækkun til austurs.
E-12	Við afleggjarann að gamla vegi yfir Oddsskarð.	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-13	Melar við Dysjadalsá við Karlsstaði í Vöðlavík	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-30	Melshorn <i>Tímabundin efnistaka vegna framkvæmda við Hringveg.</i>	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-31	Vinnslusvæði við Sléttuá	Aðstaða fyrir efnisvinnslu og haugsetningu á bökkum Sléttuár.
E-32 10,6 ha	Slétta <i>Malarnáma á gömlum áreyrum.</i>	Malarnám, allt að 150.000 m ³ .
E-33 6,8 ha	Hrúteyri <i>Grjót, póleif basalt, 8-10 metra þykkt.</i>	Grjótnám á allt að 50.000 m ² og allt að 150.000 m ³ innan hins afmarkaða svæðis.
E-34 3,0 ha	Klappir vestan álvers	Grjótnám, allt að 250.000 m ³ . Gögn framkvæmdaleyfissóknar sýni fram á að efnistakan skapi ekki óþarfar hindranir eða hættu fyrir útivistarfólk.

E-35	Eyri	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-36	Melur ofan Helgustaðavegar við Helgustaðá	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-37	Pernunes	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-38	Melur utan vegar við Hrafná	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-39	Borgarhóll <i>Setnáma úr fornum sjávarkambi í landi Breiðuvíkur</i>	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-40	Gestsstaðir	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-41 15,2 ha	Tunga <i>Malarnám á gömlum áreyrum.</i>	Malarnám, allt að 200.000 m ³ .
E-42	Grjótnáma í landi Kappeyrar <i>Náman hefur verið í rekstri á smærra svæði.</i>	Grjótnám, allt að 20.000 m ² og 100.000 m ³ .
E-43	Malarnáma í landi Kappeyrar	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-44	Víkurgerði <i>Setnáma í fornum sjávarkambi. Náman er frágengin að hluta.</i>	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .

E-45	Grænnípa <i>Tímabundin efnistaka vegna framkvæmda við Hringveg.</i>	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-50	Garðsá <i>Tímabundin efnistaka vegna framkvæmda við Hringveg.</i>	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-51	Áslaugará, Hvalnes <i>Grjót fyrir rofvarmir og endurbætur á Hringvegi.</i>	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-52	Merkigil <i>Tímabundin efnistaka vegna framkvæmda við Hringveg.</i>	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-60	Merkigil við Þorgrímsstaði	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-61	Norðurdalsá við Hlíðarenda	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-62	Merkilækur við Randversstaði <i>Setnáma í aurkeilu.</i>	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-63	Krókálækur við Heydali	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-64	Hrafnagilsá	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .
E-65	Færivallaskriður	Efnistaka á allt að 25.000 m ² svæði og allt að 50.000 m ³ .

E-500
0,4 ha

Byrgisnes

Griðtnám, 6.000 m² og 18.000 m³.

8.1.4 Flugvellir (FV)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Flugvellir eru tiltekin svæði á láði eða legi, að meðhöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
FV-10 9,6 ha	Flugvöllur á Norðfirði Völlurinn er um 1100 m langur og 30 m breiður. Hann gegnir lykilstutverki í þjónustu Fjórðungssjúkrahúss Austurlands.	Mannvirki og aðstaða fyrir sjúkra- og neyðarflug, æfingaflug, flug í tengslum við ferðaþjónustu og öðrum minni flugvélum.
FV-60 8,7 ha	Flugvöllur við Breiðdalsvík Malarflugvöllur. Ekki á skrá Isavia yfir flugvelli og iendingarstaði.	Flugbraut verði viðhaldið til neyðarnota með möguleikum á framtíðarmýtingu.

8.1.5 Frístundabyggð (F)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærþjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Almennt skulu frístundahús byggð í þyrpingum eða í samhengi við aðra byggð og forðast ber að hafa stök hús á viðavang. Frístundabyggð á að falla vel að landslagi, s.s. með staðsetningu húsa, hæðarsetningu, formi bygginga og efnis- og litavali. Deiliskipulag svæða fyrir frístundabyggð taki tillit til hættu á skógar- eða kjarreldum og tryggji aðgang slökkviliðs á burðarhæfum vegum. Við afmörkun lóða fyrir frístundahús eða frístundabyggð, skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Gætt skal að ákvæðum skipulagsreglugerðar um lágmarksfjarlægð frá vötnum, ám, sjó og vegum.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
F-10 14,1 ha	Fannardalur	Gert er ráð fyrir allt að 5 fristundahúsum. Deiliskipulag og hönnun miðist við kröfur um vatnsvernd. Við hönnun og framkvæmdir skal hafa samráð við HAUST um fráveitu og mengunarvarnir.
F-11 22,3 ha	Skuggahlíð	Byggð fristundahúsa með allt að 60 lóðum. Tryggja skal almennt aðgengi og útivistarsvæði meðfram ánni.

8.1.6 Gönguleiðir (VE-GL)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Á skipulagsuppdrætti eru sýndar gönguleiðir utan opinna svæða þar sem gert er ráð fyrir framkvæmdum eða endurbótum, uppbyggingu áningarstaða eða búast má við verulegri umferð. Gönguleiðir kunna að vera opnar fyrir öðrum fararmátum, t.d. umferð hesta og reiðhjóla, eftir því sem merkingar á vettvangi eða í öðrum gögnum segja til um, nema annað sé tekið fram í skilmálum hverrar leiðar.

Lega gönguleiða er gróflega afmörkuð og telst ekki bindandi.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
VE-GL-1 3,4 km	Brekkugjá	
VE-GL-2 3,7 km	Dalaskarð	
VE-GL-3 4,4 km	Skálanes - Dalatangi	
VE-GL-10 4,4 km	Drangaskarð <i>Óljós leið og varasöm vegna bratta.</i>	Möguleiki á endurbótum til að gera leiðina færari en telst þó alltaf erfið.
VE-GL-40	Stuðlaskarð	

11,4 km	Gömul póstleið.	
VE-GL-50 9,3 km	Sandfell	
VE-GL-50 10,8 km	Gunnarsskaró	
VE-GL-51 7,6 km	Stöðvarskaró - Einbúi	
VE-GL-60 13,5 km	Reindalsskaró Gömul póstleið milli Fáskrúðsfjarðar og Breiðdals.	
VE-GL-60 3,8 km	Berufjarðarskaró	
VE-GL-300 12,7 km	Göngu- og hjólaleið milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar	Sýnd lega er ekki bindandi. Leitast verði við að nýta eldri vegstæði og fella leiðina vel að landi.

8.1.7 Hafnir (H)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
H-1	Mjóafjarðarhöfn	Hafnarmannvirki í samræmi við þarfir byggðarinnar í Mjóafirði, s.s. fyrir smærri fiskibáta og ferju.

H-100 19,1 ha	Norðfjarðarhöfn	Fiski- og flutningahöfn Norðfjarðar með tilheyrandi mannvirkjum, búnaði og aðstöðu.
H-101 0,3 ha	Bæjarbryggja	Viðlegukantar með tilheyrandi aðstöðu.
H-200 7,4 ha	Eskifjarðarhöfn	Fiski- og flutningahöfn Eskifjarðar með tilheyrandi mannvirkjum, búnaði og aðstöðu, ásamt oliubirgðastöð. Viðlega fyrir farþegaskip með móttökuhúsi.
H-201 0,2 ha	Bæjarbryggja	Hafnarbakki með tilheyrandi aðstöðu, einkum ætlaður fyrir viðlegu.
H-300 3,8 ha	Reyðarfjarðarhöfn	Fiski- og flutningahöfn Reyðarfjarðar með tilheyrandi mannvirkjum, búnaði og aðstöðu.
H-301 44,0 ha	Mjóeyrarhöfn	Aðstaða fyrir flutningastarfsemi og aðra hafnsækna starfsemi, svo sem vöruskemmur, gámvelli, hafnarmannvirki og aðstöðu fyrir losun og lestun, auk iðnaðar sem tengist nálægum innviðum og starfsemi. Takmarkanir á landnotkun gilda innan pynningarsvæðis.
H-302 40,5 ha	Mjóeyrarhöfn eystri <i>Fyrirhuguð stækkun Mjóeyrarhafnar.</i>	Aðstaða fyrir flutningastarfsemi og aðra hafnsækna starfsemi, auk iðnaðar sem tengist nálægum innviðum og starfsemi. Áhersla á mildaða ásvind úr austri, t.d. með gróðri og jarðlitum byggingarefnum. Takmarkanir á landnotkun gilda innan pynningarsvæðis.
H-400 2,2 ha	Smábátahöfn Fáskrúðsfjarðar	Smábátahöfn með tilheyrandi aðstöðu og uppsátrum.
H-401 0,3 ha	Hafskipabryggja	Hafnarbakki með tilheyrandi aðstöðu, einkum fyrir vöruflutninga og til viðlegu.
H-402 1,7 ha	Fáskrúðsfjarðarhöfn	Fiski- og flutningahöfn Fáskrúðsfjarðar með tilheyrandi mannvirkjum, búnaði og aðstöðu.
H-500 3,0 ha	Stöðvarfjarðarhöfn	Fiskihöfn Stöðvarfjarðar með tilheyrandi mannvirkjum, búnaði og aðstöðu.

H-600
2,1 ha

Fiskihöfn Breiðdalsvíkur með tilheyrandi mannvirkjum, búnaði og aðstöðu.

8.1.8 Hitaveita (VH-H)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Stofnkerfi hitaveitu. Sýnd lega á skipulagsuppdraetti telst ekki bindandi og eru nýlagnir og breytingar heimilar ef umhverfisáhrif eru óveruleg.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
VH-H-20	Stofnæð hitaveitu á Eskifirði	
2,1 km	<i>Stofnæð er sýnd frá bortholum að miðlunartanki, aðrar lagnir teljast til dreifikerfis.</i>	

8.1.9 Iðnaðarsvæði (I)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Iðnaðarsvæði eru fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmíðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.

Á iðnaðarsvæðum er lögð áhersla á góða áþýnd og vandaðan frágang, sérstaklega þar sem önnur nálæg landnotkun gefur tilefni til, s.s. íbúðarbyggð, miðsvæði, þjónusta og opin svæði.

Trijagróður á jöðrum iðnaðarsvæða dragi úr sjónrænum áhrifum þar sem því verður við komið.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
I-20	Heitavatnstankur	Tankur fyrir miðlun hitaveituvatns á Eskifirði. Tankurinn falli vel inn í landslagið.
I-21	Vatnstankur	Tankur fyrir vatnsmiðlun á Eskifirði. Tankurinn falli vel inn í landslagið.

0,2 ha		
I-30	Stuðlar í Reyðarfirði <i>Tengivirkni</i>	Tengivirkni með tilheyrandi búnaði og mannvirkjum. Áhersla er lögð á góða áskýnd og vandaðan frágang.
I-31 31,0 ha	Pernunes í Reyðarfirði <i>Urðunarstaður skv. starfsleyfi.</i>	Svæðið er ætlað fyrir sorpurðun og heimilt að urða allt að 3000 tonn af meðhöndluðum úrgangi á ári, sem ekki telst spilliefni, á árunum 2020 til 2036. Gæta skal að því að svæðið sé öruggt og sérstaklega vandað til umgengni og frágangs. Gert er ráð fyrir efnistöku innan svæðisins til landmótunar og frágangs.
I-40	Aðveitustöð fyrir Fáskrúðsfjörð <i>Athafnasvæði RARIK og Landsnets í Fáskrúðsfirði.</i>	Aðveitustöð rafveitu með tilheyrandi búnaði.
I-50	Stöð í Stöðvarfirði <i>Tengivirkni</i>	Tengivirkni með tilheyrandi búnaði og mannvirkjum. Áhersla er lögð á góða áskýnd og vandaðan frágang.
I-60	Tungufell í Hróarsdal	Eldisstöð fyrir matfisk og seyði. Sótt hefur verið um leyfi fyrir framleiðslu á 10 tonnnum á ári.
I-61	Ormsstaðir í Breiðdal <i>Spennistöð</i>	Spennistöðin sé lítt áberandi og falli vel að landi.
I-62	Pverhamar í Breiðdal <i>Vatnsmiðlunartankur</i>	Tankurinn sé lítt áberandi og falli vel að landinu.
I-100 33,7 ha	Iðnaðarsvæði við Norðfjarðarhöfn	Iðnaðarsvæði með góða tengingu við höfnina. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á lausum lóðum innan reitsins með áherslu á gott yfirbragð vegna legu svæðisins við aðkomuna í bæinn.
I-200 0,7 ha	Aðveitustöð fyrir Eskifjörð	Aðveitustöð með tilheyrandi búnaði og aðstöðu. Áhersla á gott yfirbragð vegna mikillar nándar við íbúðarbyggð
I-201 7,7 ha	Iðnaðarsvæði við Eskifjarðarhöfn	Iðnaðarsvæði með góða tengingu við höfnina. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á lausum lóðum innan reitsins með áherslu á gott yfirbragð vegna legu svæðisins við aðkomuna í bæinn.

I-300 5,2 ha	Hjallaleira	Aðstaða fyrir meðhöndlun úrgangs, endurvinnslu og annan iðnað. Landnotkun á svæðinu hindri ekki för fólks meðfram ströndinni.
I-301 116,2 ha	Hraun Svæðið er allt innan þynningarsvæðis álversins.	Svæðið er að stærstum hluta ætlað fyrir byggingar og rekstur álvers en lóðir fyrir önnur fyrirtæki eru vestast á svæðinu. Takmarkanir á landnotkun gilda innan þynningarsvæðis.
I-400 6,9 ha	Iðnaðarsvæði á Nesi	Léttur iðnaður og endurvinnsla. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á lausum lóðum innan reitsins með áherslu á gott yfirbragð vegna legu svæðisins við aðkomuna í bæinn. Gæta skal sérstaklega að því að mengun berist ekki frá svæðinu.
I-401 0,6 ha	Fiskvinnsla ofan Skólavegar	Iðnaðarhúsnæði við íbúðargötu og því lögð áhersla á að umhverfisfrágangur verði vandaður.
I-402 8,6 ha	Iðnaðarsvæði við Fáskrúðsfjarðarhöfn	Iðnaðarsvæði með góða tengingu við höfnina. Svæðið er að mestu fullbyggt en gert ráð fyrir breytingum og viðbótum á núverandi húsnæði í samræmi við þarfir iðnaðarins. Áhersla á gott yfirbragð.
I-403 0,2 ha	Búðir 1 Vatnsmiðlunartankur Fáskrúðsfirði	Tankurinn sé líft áberandi og falli vel að landinu.
I-500 3,6 ha	Sævarendi	Svæðið er ætlað fyrir snyrtilega iðnaðarstarfsemi, svo sem vegna þjónustu við fiskeldi og gert ráð fyrir að hægt sé að draga búnað fyrir sjókvældi á land. Áhersla er lögð á góða ásýnd svæðisins vegna nálægðar við íbúðarbyggð og ferðaþjónustu. Nýta skal manir, gróður eða hliðstæð úrræði til að bæta ásýnd.
I-501 0,9 ha	Byrgisnes	Söfnunarstöð fyrir úrgang og grjótnám.
I-600 3,2 ha	Stapar	Gert er ráð fyrir uppbyggingu á lausum lóðum innan reitsins með áherslu á gott yfirbragð vegna legu svæðisins við aðkomuna í bæinn.
I-601 0,3 ha	Aðveitustöð á Hellum	Aðveitustöð rafveitu með tilheyrandi búnaði.

I-602

Hreinsivirki

Hreinsivirki fráveitu, að hluta neðanjarðar. Aðgangur að hreinsivirkinu skal vera óhindraður vegna eftirlits og viðhalds.



8.1.10 Íbúðarbyggð (ÍB)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Íbúðarbyggð er svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Í íbúðarbyggð er gert ráð fyrir nærþjónustu og annarri minniháttar atvinnu- eða menningarstarfsemi sem samrýmist búsetu, enda hafi slík þjónusta og starfsemi hógvært yfirbragð og valdi ekki óþægindum, t.d. vegna lykta, hávaða, óþrifnaðar eða óeðlilega mikillar umferðar. Breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar skulu falla að lóðarmýtingu, yfirbragði og þéttleika byggðar sem fyrir er. Gæta skal að varðveislu byggingararfs í elstu hlutum byggðar. Leiksvæði og grænir reitir teljast eðlilegur hluti íbúðarbyggðar. Áhersla er lögð á gott aðgengi íbúa að öðrum bæjarhlutum og nálægum náttúrusvæðum með greiðfæru og öruggu stígakerfi fyrir fjölbreytta ferðamáta.

Deiliskipulag íbúðarsvæða miðist við að í hverjum þéttbýliskjarna sé að finna úrval íbúðargerða og aukna áherslu á litlar og hagkvæmar íbúðir. Leitast verði við að byggja á óbyggðum lóðum í eldri byggð en þá í góðu samræmi við nálæga byggð og götumynd.

Við gerð og endurskoðun deiliskipulags verði lögð áhersla á fjölbreytta ferðamáta, samnýtingu bílastæða og auðveldla förgun úrgangs á ábyrgan hátt. Á íbúðarsvæðum er ekki gert ráð fyrir nýjum leyfum fyrir gistingu í flokki II, III og IV skv. rg. 1277/2016. Endurnýjun leyfa fyrir gistingu í flokki II innan íbúðarsvæða er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Gisting er á einkaheimili gistisöluáðilla og hann skal hafa þar aðsetur.
- Hámarksfjöldi leigðra herbergja er fimm.- Hámarksfjöldi gesta er 10 einstaklingar.
- Næg bílastæði þurfa að vera fyrir hendi innan lóðar og eða á nálægum almennum bílastæðum.
- Gerð sé skýr grein fyrir því hversu stór hluti húsnæðis verði notaður til gistisölu en eingöngu er heimilt að selja gistingu í íbúðarherbergjum samkvæmt samþykktum teikningum.
- Umsókn um rekstrarleyfi þarf að hafa verið kynnt nágrönnum þar sem þeim gefst tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Auðkenni

Lýsing

Skilmálar

ÍB-1

Brekkuborpi

Íbúðarbyggð, skermur og ýmis aðstaða í Brekkuborpi og á Eyri, að hluta tengd búrekstri, fiskveiðum og ferðaþjónustu.

Gert er ráð fyrir íbúðarhúsum í bland við byggingar sem tengjast samfélagsþjónustu og atvinnurekstri í smáum stíl. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla að yfirbragði núverandi byggðar.

ÍB-100 24,1 ha	Garðar, Hlið, Vellir <i>Fastmótuð byggð, en svigrúm getur verið til þéttingar á stökum lóðum.</i>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-101 2,2 ha	Blönduð byggð ofan miðbæjar (Miðstræti). <i>Fastmótuð byggð við Miðstræti sem gegnir mikilvægu hlutverki sem ein af verslunar- og þjónustugötum bæjarins og sem jaðarsvæði miðbæjar.</i>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Góð göngutengsl verði niður í kjarna miðbæjar. Gert er ráð fyrir meiri blöndun við verslun og þjónustu en almennt gerist á íbúðarsvæðum, vegna nálægðar við miðbæ.
ÍB-102 2,3 ha	Íbúðarbyggð á milli miðbæjar og grunnskóla <i>Fastmótuð byggð með þéttingarmöguleika á stöku lóðum.</i>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-103 3,1 ha	Mýrar I <i>Fastmótuð byggð.</i>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-104 0,4 ha	Eyri	Svigrúm fyrir þéttingu og endurnýjun byggðar. Á svæðinu verði íbúðarbyggð og heimild fyrir atvinnustarfsemi sem samrýmist nálægð við íbúðir.
ÍB-105 10,5 ha	Mýrar II, Nes og Bakkatún	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-106 12,2 ha	Bakkar 1, 2 og 3	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-200 12,5 ha	Dalur 2	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Tryggt verði aðgengi að leiksvæðum og gönguleiðir að íþróttasvæði.

ÍB-201 1,8 ha	Barð 2	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-202 4,7 ha	Barð 1	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-203 12,7 ha	Bleiksáhlíð <i>Fastmótuð byggð, en svigrúm getur verið til þéttingar á stökum lóðum. Á svæðinu næst Grjóta (Tungustíg) er áhugaverður kjarni eldri byggðar.</i>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-204 4,2 ha	Kirkjutunga <i>Fastmótuð byggð þar sem eru mörg af elstu húsum bæjarins.</i>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-205 6,1 ha	Botnabraut, Lambeyrarbraut, Hátún <i>Fastmótuð byggð. Byggðin næst Strandgötu er hluti af elstu byggð bæjarins.</i>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-206 4,9 ha	Steinholt <i>Fastmótuð byggð sem er hluti af elstu byggð bæjarins.</i>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-207 1,4 ha	Hlíðarendi <i>Á svæðinu eru blanda af smágerðri íbúðar-</i>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Gert er ráð fyrir athafnastarfsemi, verslun og þjónustu að

og athafnastarfsemi frá fyrri hluta 20. aldar og stærri fiskvinnsluhúsum frá seinni hluta aldarinnar. Þar er m.a. að finna gömul sjóhús og bryggjur.

hluta, þ.m.t. faruglaheimili. Hluti svæðisins nýtur hverfisverndar í deiliskipulagi.

ÍB-208
4,9 ha

Austan Hlíðarendaaár

Fastmótuð byggð sem er hluti af elstu byggð bæjarins.

Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Hluti svæðisins nýtur hverfisverndar í deiliskipulagi.

ÍB-300
25,5 ha

Stekkir 1 og Stekkir 2

Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Leiksvæði verði á jöðrum hverfisins í góðum tengslum við útivistarsvæðið umhverfis byggðina.

ÍB-302
6,5 ha

Melur

Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Áhersla á góðar stígatengingar við nálæg svæði.

ÍB-303
2,1 ha

Brekka

Fastmótuð byggð.

Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.

ÍB-304
19,7 ha

Milli Búðarár og Stekkagils

Að hluta fastmótuð eldri byggð (Mánagata, Heiðarvegur) og að hluta hverfi þar sem uppbyggingu er að ljúka (Hæðargærði, Oddnýjarhæð).

Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Gott aðgengi gangandi og hjólandi að skólasvæði, Búðará og niður í miðbæ verði tryggt. Gömlu fjósin við Búðará verði vernduð. Vatnsmiðlunartankur er við Hæðargærði.

ÍB-305
4,6 ha

Öldugata og Óseyri

Á svæðinu er elsta íbúðargata bæjarins, Öldugata.

Svæðið nýtist fyrir íbúðarbyggð og núverandi atvinnustarfsemi færast annað. Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar við Öldugötu, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi íbúðarbyggðar. Nýbyggingar verði lægstar næst Öldugötu en geti hækkað í allt að 4 hæðir nær Búðará og Austurvegi. Aðlaðandi gönguleið verði meðfram Búðará. Tankar eru vijkjandi og athuga þarf mengun jarðvegs á oliutankasvæði.

ÍB-306 12,1 ha	Fjósmelur Að hluta eldri byggð þar sem eru þéttlingarmöguleikar og að hluta nýtt hverfi sem er í byggingu (Bakkagerði, Brekkugerði).	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-307 10,1 ha	Breiðimelur, Meltún	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-308 5,2 ha	Skál, Klöpp Nokkur eldri íbúðarhús/byli. Möguleiki á fjölgun.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla vel að legu svæðisins í jaðri byggðar og í nálægð við sjó.
ÍB-400 18,1 ha	Holtahverfi og Hlíðarbrekka	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-401 26,1 ha	Eldri íbúðarbyggð á Fáskrúðsfirði Fastmótuð byggð, en svigrúm getur verið til þéttlingar á stökum lóðum.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-500 1,0 ha	Sævarendi	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingum, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Við gerð deiliskipulags og/eða útgáfu byggingaleyfa verði gætt að mögulegri mengun vegna iðnaðarstarfsemi sem var áður á svæðinu.
ÍB-501 5,3 ha	Íbúðarbyggð vestan Miðbæjar Á reitnum er Steinasafn Petru, vinsæll viðkomustaður ferðafólks, og gistiheimili í gömlu kirkjunni.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar. Gert er ráð fyrir verslun og þjónustu að hluta, svo sem Steinasafni Petru og annarri þjónustustarfsemi.
ÍB-502 2,1 ha	Íbúðarbyggð neðan Skólabrautar.	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.

ÍB-503 7,5 ha	Hólaland og Borgargerði <i>Fastmótuð byggð.</i>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-505 4,5 ha	Melar og Réttarholt	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-600 4,0 ha	Ásvegur, Sæberg <i>Nær fullbyggt íbúðarsvæði.</i>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-601 1,3 ha	Hrauntún	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.
ÍB-602 6,0 ha	Sólbakki, Sólheimar, Selnes <i>Óbyggðar lóðir nyrst á svæðinu.</i>	Svigrúm fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar, sem falla að nýtingu, yfirbragði og þéttleika núverandi byggðar.

8.1.11 Íþróttasvæði (ÍÞ)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:
Íþróttasvæði eru fyrir landfreka íþróttastöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
ÍÞ-10 20,7 ha	Kirkjubólseyrar <i>Hestaíþróttasvæði í Norðfirði</i>	Á svæðinu er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir hestaíþróttir og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem hestaíþróttasvæðis og svæðis fyrir annað frístundahúsdýrahald kallar á, s.s. hesthúsum, skeiðvelli og reiðskemmu.
ÍÞ-11 19,1 ha	Grænanesvöllur <i>Golfvallarsvæði í botni Norðfjarðar. 9 holu golfvöllur.</i>	Á svæðinu er gert ráð fyrir golfvelli og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem golfvallar kallar á.
ÍÞ-20	Oddsskarð	Á svæðinu er gert ráð fyrir skíðasvæði og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem

86,5 ha	Skíðamiðstöð Austurlands.	nýting svæðisins til skíðaiðkunar og þjónustu við skíðafólk kallar á.
ÍP-21 24,6 ha	Byggðarholtsvöllur Golfvöllur í Eskifirði, 9 holur.	Á svæðinu er gert ráð fyrir gólfvelli og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem nýting svæðisins sem gólfvallar kallar á.
ÍP-30 16,3 ha	Skotiþróttasvæði vestan Bjarga Aðstaða Skotiþróttafélagsins Dreka, Reyðarfirði.	Á svæðinu er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir skotiþróttir og þeirri mannvirkjagerð og umhverfisfrágangi sem slík nýting kallar á. Í nánara skipulagi og/eða leyfisveitingum fyrir svæðið er unnt að setja skilyrði um takmarkanir á starfsemi á svæðinu vegna ónæðis, skilgreina öryggissvæði og setja skilmála um viðvaranir á nálægum svæðum. Stuðlað verði að aðlaðandi ásynd svæðisins og lögð áhersla á að umhverfisfrágangur verði vandaður, sérstaklega við árfarveg Ljósár. Koma þarf í veg fyrir blýmengun í jarðvegi og draga úr hljóðmengun með skothúsum og hljóðmönnum.
ÍP-31 12,5 ha	Akstursíþróttasvæði vestan Bjarga Aðstaða Vélhjólaíþróttafélags Fjarðabyggðar í Reyðarfirði.	Í nánara skipulagi og/eða leyfisveitingum fyrir svæðið er unnt að setja skilyrði um takmarkanir á starfsemi á svæðinu vegna ónæðis. Stuðlað verði að aðlaðandi ásynd svæðisins og áhersla lögð á að umhverfisfrágangur verði vandaður.
ÍP-32 28,6 ha	Kollur, gólfvöllur Golfvöllur Golfklúbbs Fjarðabyggðar	Golfvöllur ásamt tilheyrandi klúbbhúsi, bílastæðum og annarri aðstöðu. Taka þarf tillit til þeirra takmarkana sem vatnsvernd setur á hluta af svæðinu. Einnig þarf í nánara skipulagi svæðisins að gera ráð fyrir reiðleið frá hesthúsasvæði neðan vegar að meginreiðleiðum ofan svæðisins.
ÍP-33 6,3 ha	Hesthúsasvæði í Reyðarfirði	Aðstaða fyrir hesta með tilheyrandi mannvirkjum s.s. hesthúsum.
ÍP-50	Hesthúsasvæði í Stöðvarfirði	Aðstaða fyrir hesta með tilheyrandi mannvirkjum s.s. hesthúsum.
ÍP-51	Hvalsnes	Svæðið er ætlað fyrir aðstöðu til gólfæfinga.
ÍP-100 1,6 ha	Íþróttasvæði Norðfjarðar	Íþróttavöllur ásamt bílastæðum og öðrum tilheyrandi mannvirkjum.

ÍP-200 8,3 ha	Íþróttavöllur og sundlaug Eskifjarðar	Meginíþróttasvæði Fjarðabyggðar með aðstöðu fyrir alhliða íþróttaiðkun fyrir almenning og keppnisíþróttir. Tryggðar verði góðar og öruggar gönguleiðir til íbúðarhverfa og tjaldsvæðis. Frágangur lóða og umhverfis miði að því að skapa fagra ásynd við aðkomu í bæinn og eftirsóknarvert svæði til útivistar og leikja. Á svæðinu sunnan sundlaugar er gert er ráð fyrir möguleika á að að ganga frá jarðefnum sem falla til við framkvæmdir og nýta til landmótunar. Þar er gert ráð fyrir möguleika á íþróttavelli og aðstöðu fyrir litla báta, kajaka o.þ.h.
ÍP-300 2,0 ha	Fjarðarbyggðarhöllin	Íþróttahöll ásamt bílastæðum.
ÍP-400 2,7 ha	Hesthúsasvæði á Fáskrúðsfirði	Hesthús og önnur tengd aðstaða fyrir hestaíþróttir.
ÍP-401 3,5 ha	Íþróttasvæði Fáskrúðsjarðar	Gert er ráð fyrir almennt íþróttaaðstöðu, bæði innan og utan húss.
ÍP-500 2,0 ha	Íþróttasvæði Stöðvarfjarðar	Á svæðinu er gert ráð fyrir fótboltavelli ásamt bílastæði.
ÍP-600 1,4 ha	Íþróttasvæði Breiðdalsvíkur	Íþróttamannvirki, s.s. íþróttahús, sundlaug og íþróttavelli. Tjaldsvæði með þjónustubyggingum og annarri venjulegri aðstöðu fyrir tjaldgesti á hluta reitsins.

8.1.12 Jarögöng (VE-GO)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Gert er ráð fyrir að aðrir innviðir geti legið í göngum án þess að þeir séu sérstaklega tilgreindir, t.d. háspennustrengir, ljósleiðarar, stofnæðar veitna og rými fyrir aðra faramáta en akandi umferð.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
VE-GO-1 3,3 km	Seyðisfjarðargöng <i>Framtíðartenging til Seyðisfjarðar.</i>	

VE-GO-2 **Mjóarfjarðargöng**
7,0 km *Framtíðartenging til Mjóarfjarðar og Seyðisfjarðar.*

VE-GO-3 **Fáskrúðsfjarðargöng**
5,9 km

VE-GO-92 **Norðfjarðargöng**
7,9 km *Neskaupstaðarlína 2, 66 kV jarðstrengur, liggur um göngin.*

8.1.13 Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Umhverfisfrágangur og aðgengi akandi og gangandi skal vera í samræmi við hlutverk svæðisins.

Auðkenni	Lýsing	Skilmálar
----------	--------	-----------

K-50	Kirkjugarður Stöðvarfjarðar að Stöð <i>Kirkjugarður til framtíðarmota</i>	
-------------	---	--

K-100	Kirkjugarður Norðfjarðar 1,0 ha	
--------------	---	--

K-201	Kirkjugarður Eskifjarðar 0,6 ha	
--------------	---	--

K-300	Kirkjugarður Reyðarfjarðar 0,3 ha <i>Nær fullnýttur.</i>	
--------------	--	--

K-301	Kirkjugarður Reyðarfjarðar á Breiðamel 0,8 ha <i>Kirkjugarður til framtíðarmota.</i>	
--------------	--	--

K-401
1,3 ha

Kirkjugarður Fáskrúðsfjarðar

K-500
0,1 ha

Kirkjugarður Stöðvarfjarðar



8.1.14 Landbúnaðarsvæði (L)

Almennir skilmálar fyrir alla reiti í þessum flokki:

Landbúnaðarsvæði eru fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfénað, matvæla- og fóðurframleiðslu. Einnig er gert ráð fyrir áþekkrri landnotkun á öðrum forsendum, svo sem beitahólfum fyrir hross hestamanna.

Á iögbýlum er heimilt að reisa þrjú íbúðarhús og þrjú frístundahús, sem nýti innviði sameiginlega eins og kostur er, t.d. aðkomuleiðir, veitukerfi o.þ.h. Forðast ber að byggja stök hús á víðavangi.

Gert er ráð fyrir að á landbúnaðarsvæðum séu mannvirki fyrir samfélagsþjónustu sem eru umfangslítil eða í stopullni notkun, svo sem fjárrettir, sveitakirkjur og grafreitir. Þar geti einnig verið göngu-, hjóla- og reiðleiðir með áningarstöðum, skiltum og minni háttar mannvirkjum til að auðvelda för um leiðirnar. Heimilt er að reisa önnur minni háttar mannvirki sem þjóna landbúnaði, útivist, náttúruskoðun eða hlunnindanýtingu, svo sem gangnamannakofa og fuglaskoðunarbyrgi.

Gert er ráð fyrir að á landbúnaðarsvæðum séu nauðsynlegir innviðir með tilheyrandi minni háttar mannvirkjum, t.d. fyrir sorphirðu, vatnsöflun (þ.m.t. borholur), veitu- og fjarskiptakerfi, áningarstaðir við þjóðvegi og búnaður til orkuöflunar allt að 200 kW enda falli mannvirk af þessu tagi vel að landi og séu lítt áberandi. Engin slík mannvirki skulu vera hærra en 15 metrar.

Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði eða jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Efnistaka úr farvegum straumvatna og botni stöðuvatna er heimil án afmörkunar í aðalskipulagi ef gögn í frakvæmdaleyfisumsókn sýna fram á óveruleg umhverfisáhrif. Slík efnistaka er háð leyfi Fiskistofu. Að öðru leyti er efnistaka háð framkvæmdaleyfi sbr. 13. gr. skipulagslaga.

Gert er ráð fyrir að á iögbýlum geti ýmis önnur starfsemi farið fram, svo sem ferðapjónusta og léttur iðnaður, enda sé húsrými fyrir starfsemina innan við 1000 m². Gistipjónusta í flokki 1 og 2 sbr. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald takmarkast við 16 herbergi og 32 gesti. Leitast skal við að raska ekki náttúrulegu landslagi að óþörfu og uppbyggingu beint á þegar röskuð svæði. Við mannvirkjagerð skal forðast að spilla góðu akuryrkjalandi skv. mati í samræmi við flokkun í leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytis.

Skógrækt á landbúnaðarsvæðum getur fallist í skjólbeltum og annarri hagnýtingu triágróðurs til landbóta og fegurunar, auk landgræðslu, án þess að um sérstaklega tilgreind svæði sé að ræða. Ný skógræktarsvæði, allt að 200 ha, eru heimil innan landbúnaðarsvæða án breytingar á aðalskipulagi enda verði slík svæði afmörkuð og auðkennnd við næstu endurskoðun aðalskipulags, sjá einnig almenna skilmála um skógræktar- og landbúnaðarsvæði. Skógrækt er þó

